# FRÉTTABLAÐIÐ

18. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 22. JANÚAR 2016




Föstudagsviðtalið

# Leikhúsið er engin elítustofnun

**Ari Matthíasson þjóðleikhússtjóri segir alla eiga erindi í leikhúsið, sjúkraliða og trésmiði ekki síður en bókmenntafræðinga. Hann segist ekki tilheyra hópi femínista, en jafnrétti ríki í leikhúsinu. Ari er í stjórn SÁÁ og segir þungbært fyrir meðferðarfólk að sitja undir ásökunum um að það láti ýmislegt misjafnt líðast. Engin brot séu liðin á Vogi.**

SÍÐUR 10-11

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Ríkissaksóknari blankur í byrjun árs

**STJÓRNSÝSLA** Embætti ríkissaksóknara vantar hátt í þrjátíu milljónir króna til að geta staðið undir verkefnum embættisins í ár. Þetta er mat Sigríðar Friðjónsdóttur ríkissaksóknara. Um áramótin færðist ákæruvald ríkissaksóknara í sakamálum til nýs embættis héraðssaksóknara.

Við tilfærsluna fækkaði ákæruverkefnum ríkissaksóknara en á móti jókst eftirlitshlutverk hans. Embættið fer enn með saksókn í málum sem rata til Hæstaréttar auk þess sem nú er hægt að kæra niðurfellingu kynferðisbrota, eða annarra ofbeldisbrota, til ríkissaksóknara. „Það má sjá fyrir sér að það verði hundrað mál eða meira á ári. Miðað við þá fjölgun sem er í kynferðisbrotamálum og að það er tiltölulega há niðurfellingaprósenta þar,“ segir Sigríður.

Breytingarnar hafa átt að stuðla að því að styrkja og efla embættið. „En við fáum minna fjármagn en við vorum með sem hefur leitt til þess að það hefur fækkað um þrjá ákærendur. Auðvitað er gott að þessir þrír fóru yfir til héraðssaksóknara en það er ekki þar með sagt að ég geti misst þrjú stöðugildi. Svo var embættið að flytja, sem kostaði einhverjar milljónir sem við áttum ekki til. Við fengum ekki viðbótarfjárveitingu út af því.“

Sigríður segir að þá sé málahalli frá síðasta ári enn hjá embættinu en um hundrað mál urðu eftir hjá ríkissaksóknara við breytinguna. „Það er vond staða að vera fáliðaður við upphaf nýs kerfis. Við vonum það besta en það hefði verið betra ef það hefði verið aðeins betur gefið í. Það er margt sem við höfum ekki sinnt hingað til svo sem tölfræði og alþjóðleg samskipti. Það kostar peninga.“ – snæ

### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Á enginn að bera ábyrgð á sölu ríkiseigna? 14-16

**SPORT** Krakkarnir kannast betur við Eygló Ósk. 18

**MENNING** Fjöruverðlaunin voru afhent í Höfða í gær. 28-30

**LÍFIÐ** Arnar Freyr og Andri Snær eru ólíkar týpur. 34-38

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Austanátt og víða rigning í dag, en suðlægari og minnkandi úrkoma um kvöldið. Fremur milt veður. SJÁ SÍÐU 20



Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

# Ekki góð innsýn í Borgun

**VIÐSKIPTI** Samkeppniseftirlitið setti þrýsting á Landsbankann, Arion banka og Íslandsbanka að breyta eignarhaldi á kortafyrirtækjum. Þetta segir Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans. Samkeppniseftirlitið sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem eftirlitið sagðist ekki hafa sett Landsbankanum bindandi skilyrði varðandi sölu hluta bankans í Borgun.

„Þetta er allt rétt og satt í sjálfu sér,“ segir Steinþór. „Málið er að Samkeppniseftirlitið setti þrýsting á að breyta eignarhaldi þannig að það væri bara einn banki í eigendahópi hvers fyrirtækis. Landsbankinn fann sig í veikri stöðu þar sem hann var í minnihluta í báðum fyrirtækjum.“

Þá segir Steinþór Landsbankann ekki hafa haft sömu aðkomu að stjórnum kortafyrirtækjanna Borgunar og Valitors og meirihlutaeigendurnir.

„Samkvæmt sátt við Samkeppniseftirlitið var okkur ekki heimilt að hafa háða stjórnarmenn. Við máttum ekki vera í samtali við þá stjórnarmenn sem bankarnir tilnefndu á meðan meirihlutaeigendur máttu hafa háða stjórnarmenn.“

Samkeppniseftirlitið hafnaði því í tilkynningu sinni að bankinn hafi haft takmarkað aðgengi að upplýsingum um Borgun. Steinþór segir hins vegar að bankanum hafi ekki fundist hann hafa góða sýn inn í félögin vegna þess að bankinn hafi ekki fengið að hafa háða stjórnarmenn. – þea

## Konungleg heimsókn í Norræna húsinu



Jóakim Danaprins og Marie prinsessa, eiginkona hans, heimsóttu Norræna húsið í gær. Hjónin eru komin hingað til lands til að vera viðstödd hundrað ára afmæli samtakanna Dansk-Islandsk Samfund. Þau ætla að dvelja á Íslandi í tvo daga og munu meðal annars skoða danskan arkitektúr í Reykjavík og skoða húsgögn í versluninni Epal. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Frekari launahækkanir fram undan

**KJARAMÁL** Skrifað var undir kjarasamning ASÍ og SA í gær. Samningurinn, sem kallaður hefur verið SALEK-samkomulagið, gildir frá 1. janúar þessa árs til ársloka 2018.

Samningurinn felur í sér launahækkun umfram þá sem samið var um á síðasta ári. Þannig mun 6,2 prósenta almenn launahækkun taka gildi í ár í stað 5,5 prósenta launaþróunartryggingar. Á næsta ári munu laun hækka um 4,5 prósent í stað þrjú prósent og árið 2018 um þrjú prósent í stað tveggja.

Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ segist gera sér grein fyrir því að samningurinn sé íþyngjandi fyrir launagreiðendur. „Á móti erum við að stilla saman vinnumarkað og tryggja frið til þriggja ára og jafnræði í þróun. Umfram allt erum við þó að setja af stað alvöru umræðu um að móta nýtt samningamódel,“ segir Gylfi. – þea

# Færri ölvaðir en fleiri dópaðir undir stýri

**Skráð brot vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna hafa rúmlega tvöfaldast frá árinu 2007. Félagsfræðingur hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu segir ýmsar skýringar á sveiflum milli ára.**

**LÖGREGLUMÁL** Skráð brot vegna ölvunaraksturs í fyrra á höfuðborgarsvæðinu voru nær helmingi færri en árið 2007, eða 651 á móti 1.266. Skráð brot vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna voru rúmlega tvöfalt fleiri árið 2015 en árið 2007, eða 803 á móti 337.

Jónas Orri Jónasson, félagsfræðingur hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, segir ýmsar skýringar geta verið á sveiflum milli ára. „Þetta getur meðal annars farið eftir áherslum hverju sinni, það er hversu mikill mannafli og tími er settur í verkið.“

Herferð á Facebook-síðu lögreglunnar í desember undanfarin tvö ár gegn ölvunarakstri, Hver ekur þér heim um hátíðarnar?, er mögulega farin að hafa áhrif, að mati Jónasar.

Ein skýringin á mismuninum á fjölda brota vegna ölvunaraksturs 2007 og 2015 getur tengst hruninu, að því er Jónas telur. „Eftir hrun hækkaði áfengisverð auk þess sem minna var um móttökur og fleira í þeim dúr þar sem boðið var upp á áfenga drykki. Vegna færri tækifæra til drykkju má ætla að dregið hafi úr ölvun við akstur.“

Hann bendir á að ýmislegt skýri fjölgun brota vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna. „Þótt fleiri náist núna þýðir það ekki endilega að fleiri séu að aka undir áhrifum. Árið 2006 var lögum og verklagi lögreglu vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna breytt. Lagagrunnurinn hafði fram að því verið veikur sem gerði lögreglu erfitt fyrir að takast á við þessi brot. Aukin þekking og betri búnaður lögreglunnar til að greina áhrif veldur því að færri komast upp með að aka undir áhrifum.“

Jónas tekur fram að sami einstaklingur geti hafa verið tekinn oftar en einu sinni. Eins geti nokkrir verið teknir í einu vegna óvissu um hver var raunverulega við stýrið.

ibs@frettabladid.is

**Fjöldi skráðra brota vegna ölvunar við akstur og vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna árin 2007-2015**






Lögregla ræðir við ökumann í miðbænum að næturlagi. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Jónas Orri Jónasson félagsfræðingur






PIPAR\TBWA • SÍA • 156166

# Ráðherra stefnir ekki að því að löggilda starfsheiti húðflúrara

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það endurspeglast í svari ráðherra að það sé lítill áhugi á þessum málaflokki,“ segir Jóhanna María Sigmundsdóttir, þingmaður Framsóknarflokks. Hún sendi fyrirspurn til umhverfis- og auðlindaráðherra eftir frétt Fréttablaðsins um svartan markað húðflúrara. Í fréttinni kom fram óánægja þaulvanra húðflúrara með eftirlitsleysi yfirvalda á húðflúrmarkaðnum enda stundi margir greinina án þekkingar, réttra tækja eða tilskilinna leyfa.

Jóhanna spyr meðal annars hvort ráðherra hafi kynnt sér löggjöf annarra Norðurlanda um húðflúrun og hvort ráðherra hafi í hyggju að leggja til að starfsheiti húðflúrara verði löggilt. Svar ráðherra við spurningunum tveimur er stutt og skýrt. Einfaldlega nei.

Í svarinu við hvort ráðherra muni beita sér fyrir setningu reglna um starfsemi húðflúrstofa kemur fram að Embætti landlæknis telji þörf á frekari fræðslu fyrir húðflúrara. Fulltrúar frá Embætti landlæknis, Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga þyrftu að fræða um sýkingarhættu, sótthreinsun, dauðhreinsun og hvað beri að varast. Einnig um lög og reglur, starfsleyfisskilyrði og eftirlit. Fram kemur að Umhverfisstofnun muni taka málið aftur upp í kjölfar fyrirspurnar Jóhönnu.

„Ég vonaðist til þess að það yrði farið í að kanna þetta enn frekar. Til dæmis að gera þetta að löggildu starfi og læra af nágrönnum okkar. Ég vonaði líka að tekið yrði betur undir skoðanir landlæknis. Það er til dæmis ekkert sem bannar mér að kaupa tattúvél og byrja að húðflúra, ég má bara ekki selja þjónustuna,“ segir Jóhanna María.

Í svari ráðherra kemur enn fremur fram að sextán húðflúrstofur séu með starfsleyfi hér á landi og að ekki sé haldin sérstök skrá yfir tilvik í heilbrigðiskerfinu sem rekja má til húðflúrunar. – **ebg**

> **Það er til dæmis ekkert sem bannar mér að kaupa tattúvél og byrja að húðflúra, ég má bara ekki selja þjónustuna.**
>
> Jóhanna María Sigmundsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins



# Gagnrýna einhliða og grimma umræðu

**Kennarar við Melaskóla segja framgang samkennara undarlegan og vegið að mannorði skólastjórans. Formaður Skólastjórafélags Reykjavíkur segir umræðuna forkastanlega. Síðustu ár hafi niðurskurður og nýir kjarasamningar verið óvinsæl verkefni skólastjóra.**

**SKÓLAMÁL** Síðustu daga hafa verið fluttar fréttir af þrjátíu kennurum Melaskóla sem hótað hafa uppsögn við skólann ef skólastjórinn, Dagný Annasdóttir, kemur aftur til starfa í lok mars eftir veikindaleyfi. Þó er enn mjög á huldu hvar vandinn nákvæmlega liggur.

Í Stundinni var birt nafnlaust viðtal við kennara í Melaskóla sem sagði Dagnýju leggja kennara í einelti og stjórna með harðri hendi. Engin sértæk dæmi eru tínd til.

Dagný vill ekki tjá sig um málið í fjölmiðlum. „Með hagsmuni barnanna í skólanum að leiðarljósi tel ég ekki rétt að tjá mig um málið,“ útskýrir hún. „Afstaða mín byggist líka á því að halda eins mikinn frið um skólastarfið og mögulegt er við þessar aðstæður.“

### Mætti strax mikilli andúð

Í fimm áratugi, frá árinu 1959 til 2013, tók innanhússmaður við stöðu skólastjóra í Melaskóla. Í flestum tilfellum erfði aðstoðarskólastjóri stöðuna. Fyrir þremur árum var sú hefð brotin þegar Dagný var ráðin skólastjóri en sextán sóttu um stöðuna, þar á meðal starfandi aðstoðarskólastjóri Melaskóla.

Kennari við Melaskóla sem Fréttablaðið ræddi við segir Dagnýju aldrei hafa fengið tækifæri innan veggja skólans og hún hafi strax mætt mikilli andúð. Hann segir kennararæði ríkja í skólanum og fólk alls ekki tilbúið að taka stjórn. Því hafi tilburðir Dagnýjar til að taka stjórnina fallið í grýttan jarðveg. Hún hafi þurft að fara í erfiðar aðgerðir, niðurskurð og fylgja kjarasamningum, en uppskorið persónulega óvild í sinn garð.

Kennarinn vill ekki koma fram undir nafni af ótta við útskúfun í kennarahópnum en hann segir mikinn þrýsting vera meðal kennarahópsins að koma Dagnýju úr starfi. Fullyrðir hann að margir kennarar sem skrifuðu undir undirskriftalistann hafi verið beittir þrýstingi til þess og ótti sé ríkjandi við sterka kennaraklíku sem gangi hvað harðast gegn Dagnýju.

### Ómöguleiki í kringum Dagnýju

Annar kennari sem Fréttablaðið ræddi við segir upplifun sína af skólastjóranum stangast á við það sem komið hefur fram í fjölmiðlum. Hann segir Dagnýju vissulega hafa viljað gera breytingar þegar hún hóf störf – en margar hafi verið mjög af hinu góða – enda tækjakostur og húsnæði í niðurníðslu. Kennarinn tekur dæmi um kaffistofu kennara. Hún hefur alltaf verið tvískipt og lengi verið vilji kennara að sameina stofuna. Þegar Dagný réðst í það verk þá varð mikil óánægjubylgja meðal kennara. Segir kennarinn að þetta sé dæmi um þann ómöguleika sem ríkir í kringum skólastjórann.

### Síðustu ár erfið fyrir skólastjóra

Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, formaður Skólastjórafélags Reykjavíkur, fordæmir einhliða umfjöllun fjölmiðla síðustu daga. „Mér finnst þetta óvægið og fjölmiðlar eiga ekki að vinna svona. Þetta snýst um manneskju og þetta eru alvarlegar ásakanir. Þessi einhliða umfjöllun hefur áhrif á traust til skólans og getur skaðað starfsemina,“ segir hún.

Aðspurð hvort ábyrgðin liggi ekki hjá kennurum Melaskóla, játar hún því. „Þetta á að fara í eðlilega ferla. Ef fólk hefur áhyggjur af stjórnun í skólanum á það að láta vita á réttum stöðum. En ekki fara í fjölmiðla.“

Guðlaug segir síðustu ár hafa verið erfið fyrir skólastjórnendur. Það hafi hún heyrt úr fleiri en einni átt. „Við erum oft í því hlutverki að ganga inn í mál, skera niður og semja við okkar fólk um önnur kjör og aðrar aðstæður. Þetta er ekki alltaf vinsælt.“



Börn í Melaskóla standa hönd í hönd á skólalóðinni en samheldnin virðist minni meðal starfsmanna skólans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Með hagsmuni barnanna í skólanum að leiðarljósi tel ég ekki rétt að tjá mig um málið.**
>
> Dagný Annasdóttir, Skólastjóri Melaskóla



> **En stjórnandi þarf að taka ábyrgðina og taka erfiðar ákvarðanir. Það er hans starf.**
>
> Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, formaður Skólastjórafélags Reykjavíkur



Frá hruni hefur verið skorið niður í skólakerfinu og nýir kjarasamningar hafa ekki farið vel í alla kennara. „En stjórnandi þarf að taka ábyrgðina og taka erfiðar ákvarðanir. Það er hans starf.“

Guðlaug ítrekar að það eigi að fara réttan farveg í svo viðkvæmum málum. „Mér finnst þetta forkastanlegt og að draga foreldra út í þetta finnst mér skelfilegt. Svo eru stjórnendur bundnir trúnaði og geta ekki varið sig.“ **erlabjorg@frettabladid.is**




# Ríkið býður út farmiðakaup í febrúar

**STJÓRNSÝSLA** Fjármálaráðuneytið hefur tekið þá ákvörðun að bjóða út farmiðakaup stjórnarráðsins í febrúar og í framhaldi af því verði kaupum annarra ríkisstofnana á flugfarmiðum boðin út.

Félag atvinnurekenda hefur ítrekað sent fyrirspurnir til ráðuneytisins um málið þar sem ríkið hafi brotið lög um opinber innkaup með því að bjóða ekki út flugfarmiða opinberra stofnana ríkisins. Í tilkynningu ráðuneytisins segir að ráðuneytið hafi í samstarfi við önnur ráðuneyti, Fjársýslu ríkisins og Ríkiskaup unnið að undirbúningi undanfarin misseri.

„Við fögnum því að fá loksins einhver viðbrögð úr ráðuneytinu. Það er fagnaðarefni að hreyfing sé að komast á málið eftir meira en þriggja ára brot ríkisins á lögum um opinber innkaup,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA. – **sa**



Framiðakaup ríkisins verða boðin út. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Það er fagnaðarefni að hreyfing sé að komast á málið eftir meira en þriggja ára brot ríkisins á lögum um opinber innkaup.**
>
> Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda



# GLEÐILEGAN BÓNDADAG













**Túlipanar 10 stk. í búnti**




**La Gelateria**
Frábær ítalskur gelato sem kemur í eigulegum glerglösum.




**Calinda Jarðarber**
400 g. Sæt og safarík.




**Víking léttöl**
Aldagömul aðferð og vel valið hráefni gerir ölið bragðmikið og tryggir frískandi léttleika.




**Könnur með bjöllu**
Margar týpur.




**Spænsk hráskinka**
Handskorin.

# ALLT FYRIR ÞORRANN & BÓNDADAGINN



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| · Hrútspungar | · Sviðasulta | · Sviðakjammar | · Hákarl | · Hangikjöt | · Harðfiskur |
| · Rófustappa | · Lundabaggar | · Lifrarpylsa | · Hvalrengi | · Blóðmör | · Flatbrauð |

**24 Hagkaup**
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# Kanna landið fyrir framboð

**KÖNNUN** Í nýrri skoðanakönnun Gallup sem nú er verið að gera er spurt hvort viðtakandinn sé jákvæður eða neikvæður gagnvart því að dr. Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði, verði næsti forseti Íslands og setjist ásamt maka sínum, Felix Bergssyni, á Bessastaði. Spurningin er hluti af Gallupvagninum og er send á 1.400 manns. Ekki var spurt um aðra mögulega frambjóðendur í könnuninni.

„Ég kem alveg af fjöllum,“ segir Baldur inntur eftir því hvort hann hafi vitað af könnuninni. Hann segist ekki hafa keypt spurninguna og að forsetaframboð sé ekki á dagskrá.

„Það hefur fólk talað við okkur og spurt um þetta en meira veit ég ekki,“ segir Baldur.

Að sögn starfsmanns Gallup kostar ein spurning í könnuninni 120.900 krónur, reiknuð með virðisaukaskatti. Hver sem er getur spurt um hvað sem er svo framarlega sem spurningin þyki ekki særandi. **– snæ**

**Það hefur fólk talað við okkur og spurt um þetta en meira veit ég ekki.**



Baldur Þórhallsson prófessor

## Skólagæsla í Pakistan




**Lögreglumaður stendur vopnaður fyrir framan skóla í borginni Peshawar í Pakistan, daginn eftir að tugir manna voru myrtir þar í árás á Bacha Khan-háskólann. Ákveðið var að lýsa yfir þjóðarsorg í dag og bænastund verður haldin í höfuðborginni Islamabad.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Þjóðminjar eru dýrgripir sem nauðsynlegt er að varðveita og geyma við bestu aðstæður.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þáttaskil við varðveislu íslenskra dýrgripa

**MENNING** Þáttaskil verða í þjóðminjavörslu á Íslandi í sumar þegar varðveislu- og rannsóknasetur Þjóðminjasafns Íslands verður tekið í notkun. Undirritun samnings um setrið fer fram í dag, en í setrinu verða kjöraðstæður til varðveislu þjóðminja og vel búin starfsaðstaða til rannsókna, forvörslu, sýningaundirbúnings og kennslu á fagsviði Þjóðminjasafnsins sem er höfuðsafn á sviði menningarminja.

Í frétt frá ÞÍ segir að húsnæðið, sem er að Tjarnarvöllum í Hafnarfirði, sé 4.270 fermetrar að stærð.

Í húsinu verða öryggisgeymslur fyrir stóran hluta safnkosts Þjóðminjasafns og starfsaðstaða fyrir starfsmenn, sérfræðinga, fræðimenn og nemendur. Fullkomin hita- og rakastýring verður í öryggisgeymslum svo tryggja megi varðveislu viðkvæms safnkosts.

Í húsnæðinu verða einnig rannsóknarstofur, forvörsluverkstæði, aðstaða til sérhæfðrar varðveislu og rannsókna jarðfundinna gripa og aðstaða til undirbúnings sýninga.

**»» *Í húsnæðinu verða öryggisgeymslur fyrir stóran hluta safnkosts, starfsaðstaða fyrir starfsmenn og aðra, rannsóknarstofur, verkstæði, aðstaða til sérhæfðra rannsókna og undirbúnings sýninga. Auk þess aðstaða til kennslu.***

Hluti safnkostsins verður áfram varðveittur í húsnæði safnsins í Kópavogi, þar sem Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni verður áfram til húsa.

Einnig verður í varðveislu- og rannsóknasetrinu aðstaða til kennslu en Þjóðminjasafn Íslands er háskólastofnun sem felur í sér mikilvægt hlutverk gagnvart rannsóknaraðilum og námsmönnum.

Hönnuður húsnæðis er ArkÞing en það er í eigu fasteignafélagsins Regins. **– shá**

# Uppboð tollkvóta stenst skoðun ESB

**Evrópusambandið (ESB) skiptir sér ekki af því hvernig ríki kjósa að útdeila tollkvótum. Fyrirkomulag sem hér tíðkast er ekki notað innan ESB. Kostnaður vegna uppboðs tollkvóta hér eyðir ávinningi af tollfrelsi.**

**UTANRÍKISMÁL** Uppboð íslenskra stjórnvalda á tollheimildum búvara frá Evrópusambandinu (ESB) brýtur ekki í bága við tollasamkomulag Íslands og ESB frá árinu 2007. Þetta er álit sérfræðinga innan landbúnaðardeildar sambandsins.

„Evrópusambandið semur við ríki um frjálsa verslun sem þýðir að flutt sé ákveðið magn af vörum á milli landa, en þegar komið er inn fyrir landamærin þá skiptir Evrópusambandið sér ekki af því hvernig farið er með þessar vörur eða heimildir,“ segir Klemens Ólafur Þrastarson, upplýsingafulltrúi sendinefndar ESB á Íslandi.

Félag atvinnurekenda (FA) hefur gert athugasemdir við framkvæmdina hér og bent á að útboðsgjaldið sem íslensk innflutningsfyrirtæki þurfa að greiða til íslenskra stjórnvalda sé svo hátt að ávinningur af tollfrjálsum innflutningi hverfi að stórum hluta. Til dæmis sé útboðsgjald alifuglakjöts svo hátt að álíka mikið kosti að flytja inn kjúkling frá ESB á tollfrjálsum kvóta og almennum tolli. Aðspurður segir Klemens Evrópusambandið sjálft ekki leggja slíkar álögur á íslenskar vörur, eða á innflutning yfirleitt.

FA hefur sagt vandséð hvernig framkvæmdin stæðist ákvæði í samningi Íslands og ESB þar sem kveðið er á um að gerðar séu ráðstafanir til að tryggja að ávinningi sem samningsaðilar veiti hvor öðrum verði ekki stefnt í hættu „með öðrum takmarkandi innflutningsráðstöfunum“.

Klemens segir umrætt ákvæði fyrst og fremst snúa að tæknilegum hindrunum við innflutning varnings. Þar undir kunni að vera „ýmsar skapandi eða nýstárlegar heilbrigðiskröfur“ líkt og dæmi séu um að komið hafi upp í öðrum löndum. „Þarna er átt við raunverulegar hindranir, þannig að vörurnar komist ekki í gegn. En hvað Evrópusambandið varðar þá komast þessar vörur í gegn og svo er það undir íslenska ríkinu komið hvernig það útdeilir þessum innflutningsheimildum.“ **– óká**




**Kjúklingabringur, innfluttar og frosnar. Litlu skiptir hvort reynt er að flytja inn kjúklingakjöt innan eða utan tollfrjáls kvóta.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Ríkið þarf að endurgreiða hálfan milljarð

Hæstiréttur Íslands dæmdi í gær íslenska ríkið til að endurgreiða þremur innflutningsfyrirtækjum, Innnesi, Högum og Sælkeradreifingu, til baka útboðsgjald tollkvóta upp á um fimm hundruð milljónir króna. Fyrirtækin þrjú greiddu þessa kvóta vegna innflutnings á landbúnaðarafurðum.

Niðurstaða Hæstaréttar er að útboðsgjaldið sem fyrirtækin voru krafin um hafi verið ólögmætt og í andstöðu við stjórnarskrá. Ráðherra sé ekki heimilt að ákveða einn síns liðs hvort greiða þurfi gjald sem þetta.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, segir dóminn mikilvægan sigur í baráttunni fyrir eðlilegu viðskiptafrelsi með búvörur eins og aðrar vörur. „Það molnar stöðugt úr þeim múrum sem hafa verið reistir til að hindra eðlilega samkeppni á búvörumarkaði,“ segir Ólafur.

**Þegar komið er inn fyrir landamærin þá skiptir ESB sér ekki af.**



Klemens Ólafur Þrastarson upplýsingafulltrúi sendinefndar ESB

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# NÝR RAV4 HYBRID

UPPHAF NÝRRA TÍMA




**RAV4: Verð frá 4.990.000 kr.**
**RAV4 Hybrid: Verð frá 5.940.000 kr.**

TOYOTA HYBRID

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 77873 01/16

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** **innborgun**

**Tryggt** **framtíðarvirði**

**Fastar** **mánaðargreiðslur**

**Nýr RAV4** markar upphaf nýrra tíma með kraftmikilli hybrid-útfærslu sem gerir hverja ökuferð að hljóðlátri ánægju. RAV4 Hybrid fæst bæði fjórhjóla- og framhjóladrifinn en auk þess býðst nýr RAV4 í dísil-útfærslu með framhjóladrifi. Glæsileikinn geislar af nýrri hönnun á stuðurum, ljósum og nýjum álfelgum. Bak við lipurt leðurstýri blasir við endurhannað mælaborð með stærri margmiðlunarskjá og upplýsingar á 4,2" TFT-skjá. Með 360° myndavél nýtur þú meira öryggis og skynjarar að aftan og framan meta fjarlægðina í öruggum akstri til móts við nýja tíma.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

**VILDARPUNKTAR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM***

5 5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.



Herkastalinn er kominn í hendur nýrra eigenda, sem þó liggur ekki fyrir hverjir eru.

# Herkastalinn seldur til hulduhóps

**VIÐSKIPTI** Hjálpræðisherinn er búinn að selja Herkastalann við Kirkjustræti 2. Gengið var frá kaupunum á miðvikudaginn en kaupverðið var 630 milljónir króna að sögn Gunnars Eide, deildarstjóra hjá Hjálpræðishernum.

Gunnar segir að húsið hafi verið selt til félagsins Kastala ehf., sem að baki standi bæði innlendir og erlendir fjárfestar. Hann vill þó ekki gefa frekari upplýsingar um kaupendahópinn. Það vildi Ólafur Örn Ólafsson hjá KPMG, sem aðstoðaði Hjálpræðisherinn við söluna, heldur ekki gera. Ekki er búið að skrá Kastala ehf. hjá fyrirtækjaskrá og því lítið að opinberum upplýsingum að fá um félagið.

Stefnt er að því að afhenda húsnæðið, sem er 1.405 fermetrar, þann 1. október næstkomandi. Hjálpræðisherinn mun samhliða sölunni hætta rekstri gistiheimilis líkt og hefur verið í Herkastalanum um árabil. Samtökin eru nú að leita að lóð í Reykjavík undir nýtt húsnæði fyrir starfsemina að sögn Gunnars. Samtökin hafa þegar sótt um lóð í Sogamýrinni undir safnaðarheimili. Gunnar segir að starfsemi Hjálpræðishersins verði í Mjódd, þar sem félagið hefur samkomustað, þar til nýtt húsnæði rís. **– ih**

> ❯❯ Herkastalinn kostaði 630 milljónir og er 1.405 fermetrar að stærð. Kaupandi var félagið Kastali ehf.







**Blaðamannaverðlaun 2015**

Blaðamannaverðlaun Blaðamannafélags Íslands verða veitt í 13. skipti þann 5. mars næstkomandi. Tilnefningar dómnefndar verða kynntar viku fyrir afhendingu en skilafrestur tilnefninga til dómnefndar er föstudagurinn 29. janúar.

Eins og á síðasta ári verða verðlaunin veitt í fjórum flokkum en þeir eru þessir:

- Besta umfjöllun ársins 2015
- Viðtal ársins 2015
- Rannsóknarblaðamennska ársins 2015
- Blaðamannaverðlaun ársins 2015



Hægt er að senda inn tilnefningar til verðlaunanna á skrifstofu Blaðamannafélagsins í Síðumúla 23 á auglýstum skrifstofutíma ásamt gögnum með röksemdafærslu fyrir tilnefningunni. Jafnframt er hægt að tilnefna með rafrænum hætti á heimasíðu BÍ, www.press.is




Nikolaí Patrúsjev, fyrrverandi yfirmaður rússnesku leyniþjónustunnar FSB, ásamt Vladimir Pútín forseta. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Morðið á Litvinenko rakið til Pútíns

**Ekkja Litvinenkos vill að Bretar beiti Rússland refsiaðgerðum vegna málsins. Owen segist engar óyggjandi sannanir hafa, en líkurnar séu yfirgnæfandi.**

**BRETLAND** Rússnesk stjórnvöld segja pólitískar hvatir búa að baki bresku rannsókninni á morðinu á Alexander Litvinenko. Ásakanir á hendur Vladimir Pútín forseta séu til þess eins gerðar að beita Rússa þrýstingi vegna ágreinings landanna í alþjóðamálum.

Robert Owen, fyrrverandi hæstaréttardómari, kynnti í gær niðurstöður rannsóknar sinnar og sagði allar líkur á því að Nikolaí Patrúsjev, þáverandi yfirmaður rússnesku leyniþjónustunnar FSB, hafi vitað um og samþykkt áform um að myrða Litvinenko. Jafnframt sé ólíklegt annað en að Vladimir Pútín forseti hafi einnig vitað um og samþykkt þessi áform.

Litvinenko, sem var fyrrverandi leyniþjónustumaður hjá FSB, var myrtur árið 2006 í London, þar sem hann bjó í útlegð.

Marina Litvinenko, ekkja Litvinenkos, fagnaði niðurstöðunum og sagðist stolt af bresku réttarfari. Nú sé óhugsandi annað en að breska stjórnin beiti Rússland refsiaðgerðum.

Theresa May, innanríkisráðherra Bretlands, skýrði síðan frá því að nú þegar hafi verið ákveðið að frysta eignir mannanna tveggja, sem grunaðir eru um morðið. Frekari refsiaðgerðir séu í skoðun.

Annar þeirra, Andrei Lugovoi, sagði rannsóknarskýrsluna frá Owen hins vegar fáránlega: „Niðurstöðurnar, sem birtar voru í dag, sýna bara andstöðu bresku stjórnarinnar við Rússland einu sinni enn.“

Í skýrslu sinni segist Owen telja fullsannað að þeir Lugovoi og Dmitrí Kovtun, sem báðir voru starfandi í rússnesku leyniþjónustunni, hafi myrt Litvinenko á kaffihúsi í London. Þeir hafi byrlað honum þar geislavirkt efni með því að setja það út í tebolla, sem Litvinenko drakk úr.

Hann segir jafnframt nokkuð ljóst að þeir Lugovoi og Kovtun hafi ekki tekið upp á þessu að eigin frumkvæði. Flest bendi til þess að þeir hafi unnið þetta verk að undirlagi FSB.

Owen segist síðan engar beinar sannanir hafa fyrir því að Patrúsjev og Pútín hafi vitað af áformunum um að myrða Litvinenko. Hins vegar megi með töluverðri vissu draga þá ályktun af þeirri staðreynd, að starfsmenn FSB væru afar ólíklegir til þess að grípa til aðgerða af þessu tagi án þess að bera það undir æðsta yfirmann sinn, sem var Patrúsjev, og að Patrúsjev hafi sömuleiðis varla samþykkt slíkt án þess að hafa Pútín með í ráðum.

Owen tekur reyndar sérstaklega fram að hann sé ekki bundinn af jafn ströngum reglum um sönnunarbyrði, eins og hann væri ef um réttarhöld væri að ræða.

gudsteinn@frettabladid.is




> ❯❯ Litvinenko, sem var fyrrverandi leyniþjónustumaður hjá FSB, var myrtur árið 2006 í London, þar sem hann bjó í útlegð.

Innovation that excites

## NISSAN PULSAR

# EINN BEST ÚTBÚNI BÍLLINN Í SÍNUM FLOKKI

**VETRARDEKK** FYLGJA ÖLLUM NÝJUM NISSAN PULSAR Í TAKMARKAÐAN TÍMA



# NISSAN PULSAR

ACENTA DÍSIL / EYÐSLA 3,6 L/100 KM*

**3.590.000 KR.**

**STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN PULSAR ACENTA ER MEÐAL ANNARS:**
LED dagljósabúnaður, NissanConnect upplýsingakerfi með 7" snertiskjá, íslensku leiðsögukerfi og samþættingu við snjallsíma fyrir Facebook og Google leit, Bluetooth handfrjáls síma- og hljómtækjabúnaður, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, bakkmyndavél, aðalljós með birtuskynjun, upplýsingatölva með 5" litaskjá, sjálfvirkur regnskynjari á rúðuþurrkum, tvískipt sjálfvirk loftkæling, 16" álfelgur, lykillaust aðgengi og ræsing.

## REKSTRARLEIGA Á SÉRKJÖRUM

Bjóðum nokkra bíla á lækkuðum rekstrarleigukjörum. Innifalin í leigu eru tryggingar, dekk og reglubundið þjónustueftirlit.

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum Nissan.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM70680

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Dýrustu jólaboðin og gjafirnar hjá ríkinu

**Jólaveislur ríkisstofnana**

| Stofnun | Verð | |
|---|---|---|
| Hljóðbókasafn | 17.335 kr. | Með mökum |
| Jafnréttisstofa | 16.527 kr. | Með mökum |
| Landsnet | 15.385 kr. | Með mökum |
| Umboðsmaður Alþingis | 15.128 kr. | Með mökum |
| Póst- og fjarskiptastofnun | 14.177 kr. | |
| Mannvirkjastofnun | 13.335 kr. | |
| Lögregluskóli ríkisins | 13.240 kr. | |
| Héraðsdómur Suðurlands | 13.226 kr. | |
| Forsætisráðuneytið | 13.095 kr. | |
| Fjármálaeftirlitið | 12.954 kr. | |
| Þjóðskjalasafn | 12.608 kr. | |
| Héraðsdómur Reykjaness | 12.089 kr. | |
| Ríkislögmaður | 11.778 kr. | |
| RARIK | 10.402 kr. | |
| Menntamálastofnun | 9.900 kr. | Með mökum |
| Byggðastofnun | 9.779 kr. | Með mökum |
| Umhverfisráðuneyti | 9.545 kr. | |
| Landlæknir | 9.400 kr. | |
| Ríkisendurskoðun | 9.360 kr. | |
| Stofnun Vilhjálms Stef. | 9.276 kr. | Með mökum |

**Jólagjafir ríkisstofnana til starfsmanna**

| Stofnun | Gjöf | Verð | Starfsmenn | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Matís | Forréttapakki frá Trít ehf. og 25 þúsund kr. bankainneign | 30.827 kr. | 132 starfsmenn | 4.069.141 kr. |
| Einkaleyfastofan | Púði, kerti og leikhúsmiðar | 27.800 kr. | 26 starfsmenn | 722.800 kr. |
| Sýslumaðurinn á Suðurnesjum | Gjafakort í Kringlunni | 25.000 kr. | 21 starfsmenn | 525.000 kr. |
| Fjölmiðlanefnd | Þráðlausir hátalarar | 24.995 kr. | 2 starfsmenn | 49.990 kr. |
| Skattrannsóknarstjóri | Bók og matarkarfa | 24.892 kr. | 26 starfsmenn | 647.192 kr. |
| Yfirskattanefnd | Gjafakort 20 þúsund og konfekt | 23.798 kr. | 16 starfsmenn | 380.768 kr. |
| Byggðastofnun | Skál, púði og kjöt | 23.068 kr. | 25 starfsmenn | 576.695 kr. |
| Fjármálaráðuneytið | Panna og matarpakki | 21.750 kr. | 81 starfsmaður | 1.761.750 kr. |
| Rannsóknarnefnd samgönguslysa | Matargjöf | 20.599 kr. | 6 starfsmenn | 123.594 kr. |
| Póst- og fjarskiptastofnun | Ullarteppi og 2 vínflöskur | 20.437 kr. | 23 starfsmenn | 470.051 kr. |
| ÁTVR | Gjafabréf úr banka | 20.000 kr. | 477 starfsmenn | 5.924.000 kr. |
| Mannvirkjastofnun | Gjafabréf úr banka | 20.000 kr. | 27 starfsmenn | 540.000 kr. |
| Sýslumaður Vesturlands | Matarkarfa Hagkaups | 19.999 kr. | 25 starfsmenn | 499.975 kr. |
| Samgöngustofa | Flíspeysa merkt ST og bók | 19.006 kr. | 144 starfsmenn | 2.738.840 kr. |
| Útlendingastofnun | Gjafabréf 10 þúsund og 2 leikhúsmiðar | 18.524 kr. | 42 starfsmenn | 778.000 kr. |
| Úrvinnslusjóður | Bók og konfekt | 17.110 kr. | 5 starfsmenn | 85.550 kr. |
| Fangelsismálastofnun | Matargjafir | 16.207 kr. | 125 starfsmenn | 2.025.935 kr. |
| Ríkiskaup | Matarkassi og vínflaska | 15.876 kr. | 15 starfsmenn | 412.766 kr. |
| Sérstakur saksóknari | Sælkerakarfa og léttvín | 15.400 kr. | 53 starfsmenn | 816.000 kr. |
| Ríkiseignir | Matarpakki frá SS og vín | 15.376 kr. | 16 starfsmenn | 246.016 kr. |

Heimild: Stofnanir ríkisins



NORDICPHOTOS/GETTY

# Sátu dýrlegar veislur en aðrir fengu ekkert

**Mikill munur er á jólagjöfum og veisluhaldi ríkisstofnana og embætta fyrir starfsmenn. Á meðan sumir fengu hvorki vott né þurrt sátu aðrir dýrar veislur með mökum sínum í boði ríkisins.**



Garðar Örn Úlfarsson
gar@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Eftirlits- og rannsóknarstofnunin Matís gaf starfsmönnum sínum veglegustu gjöfina um nýliðin jól af öllum stofnunum og embættum ríkisins. Hljóðbókasafnið hélt dýrustu jólaveisluna.

Fréttablaðið sendi spurningar um jólahlaðborð og jólagjafir til stofnana, embætta og fyrirtækja í eigu ríkisins og hafði fengið ríflega 140 svör áður en gengið var frá þessari grein í gær. Ekki bárust svör frá öllum.

Engar sérstakar reglur eru um jólagjafir og hátíðarveislur hjá ríkinu. Það virðist endurspeglast ágætlega í svörunum sem Fréttablaðinu bárust því á meðan sumir ríkisstarfsmenn fengu jafnvel hvorki gjöf né veisluboð fengu aðrir tugþúsunda gjafir og tóku þátt í dýrum veislum.

Efstir á listanum yfir verðmæti jólagjafa eru 132 starfsmenn Matís. Þeir fengu hver og einn 25 þúsund króna inneignarkort í banka og forréttapakka frá Trít ehf. að andvirði 5.827 krónur. Samanlagt verðmæti þessara tveggja gjafa er 30.827 krónur. Matís bauð starfsmönnum hins vegar ekki til jólasamsætis.

Næstir á eftir Matís á jólagjafalistanum eru starfsmenn Einkaleyfastofu. Verðmæti jólapakkans þeirra var 27.800 krónur. Í pakkanum var púði, kerti og leikhúsmiðar. Einkaleyfastofa greiddi síðan 5.782 krónur á mann í jólahlaðborð sem haldið var í stofnuninni sjálfri.

Varðandi verðmæti jólagjafanna er rétt að taka fram að á nokkrum stöðum var jólagjöfin í formi eins eða fleiri frídaga. Þannig fengu starfsmenn Náttúrufræðistofnunar og Þjóðminjasafns, fyrir utan þjóðminjavörð og fjármálastjóra, frí milli jóla og nýárs í jólagjöf. Ekki var lagt mat á verðmæti þessara gjafafrídaga í svörum til Fréttablaðsins.

> **Á nokkrum stöðum var jólagjöfin í formi eins eða fleiri frídaga. Þannig fengu starfsmenn Náttúrufræðistofnunar og Þjóðminjasafns frí milli jóla og nýárs í jólagjöf.**

Sem fyrr segir voru það starfsmenn Hljóðbókasafns sem sátu dýrustu jólaveisluna. Þeim var boðið í Perluna ásamt mökum og hljóðaði reikningurinn upp á 17.335 krónur á hvern gest sem voru fimmtán. Fyrir þá starfsmenn sem komu með maka má segja að Hljóðbókasafnið hafi greitt 34.670 krónur. Í svari stofnunarinnar kemur hins vegar fram að starfsmenn fengu ekki jólagjöf.

Næst á eftir á þessum lista er Jafnréttisstofa sem bauð starfsmönnum og mökum þeirra, samtals ellefu manns, í veislu á Icelandair hótelinu á Akureyri. Þegar upp var staðið var reikningurinn þar 16.527 krónur á mann. Starfsmenn Jafnréttisstofu fengu jafnfram 8.500 króna gjafabréf í Menningarhúsið Hof í jólagjöf.

Meðal þeirra sem hvorki fengu gjafir eða jólaboð eru starfsmenn Fjölbrautaskólans við Ármúla, Bankasýslunnar, Sýslumannsins á Norðurlandi vestra og Vatnajökulsþjóðgarðs.

Þá má nefna að algengt er að starfsmannafélög standi fyrir jólafagnaði og borgi hann að öllu leyti eða á móti starfsmönnunum eða viðkomandi stofnun. Algengar jólagjafir eru matarkörfur, ostabakkar, konfekt og gjafakort.

Af stórum vinnustöðum má geta Landspítalans þar sem keypt voru fimm þúsund gjafakort á tvo miða hvert í Borgarleikhúsið. Fyrir það greiddi spítalinn alls 15 milljónir króna eða 3.000 krónur fyrir hvern starfsmann. Landspítalinn hélt síðdegismóttöku fyrir starfsmenn í Hörpunni og greiddi fyrir það ríflega 8,1 milljóna króna sem svarar til um 7.400 króna á hvern hinna 1.100 starfsmanna sem áætlað er að hafi að lágmarki sótt jólahófið.

visir.is Nánar upplýsingar um aðrar stofnanir, embætti og fyrirtæki.

Markhönnun ehf

# netto

# Heilsu & lífsstílsdagar

21. jan. – 01. feb.

**BLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT**




# 80 BLS.

AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM, HUGMYNDUM, GREINUM OG UPPSKRIFTUM.

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

# Held að ég sé betri maður


Ari segir almennt gott á milli Borgarleikhússins og Þjóðleikhússins, þó stundum verði léttur pirringur. FRÉTTABLAÐIÐ/

**Ari Matthíasson þjóðleikhússtjóri hefur gert skurk í fjármálum leikhússins undanfarið ár. Hann situr einnig í framkvæmdastjórn SÁÁ og segir gagnrýni á samtökin oft drifna áfram af vanþekkingu.**

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is



„Í byrjun síðasta árs þurfti að taka erfiðar ákvarðanir. Það var halli á árinu 2014 sem við þurftum að bregðast við. Við drógum úr starfsemi fyrri hluta ársins, til að geta byrjað af krafti í byrjun síðasta leikárs. Það þurfti að hætta við tvær sýningar, sem er aldrei vinsælt. Tilfinningalega erfitt fyrir þá góðu listamenn sem stóðu að þeim sýningum og kostnaðarsamt líka. Það er ekki ókeypis að bakka út úr sýningum, en það var algjörlega nauðsynlegt,“ segir Ari.

Hann segir að frá síðasta hausti hafi reksturinn gengið vel. „Það hefur verið meira og minna uppselt á allar sýningar og af þeim sökum er komið upp ákveðið lúxusvandamál. Það er enn þá svo mikill gangur í sumum sýningum að við þurfum að færa til fyrirhugaðar frumsýningar. Þannig að af tvennu er auðveldara að starfa í meðbyr. Ég lít svo á að við séum í meðbyr hvað varðar aðsókn. Ég er glaður líka yfir því að við erum með alls konar sýningar. Mér finnst mikilvægt að Þjóðleikhúsið bjóði alla velkomna, þannig að allir eigi hlut í Þjóðleikhúsinu og það sé ekki elítustofnun. Trésmiðir og sjúkraliðar eigi jafn mikið erindi í Þjóðleikhúsið og bókmenntafræðingar í 101,“ segir hann.

„Við skiluðum rekstrarhagnaði á síðasta ári. Það er viðsnúningur en á móti kemur að frá hruni hefur verið skorið niður um þriðjung en ekkert slegið af kröfum. Það gerir okkur viðkvæmari fyrir sveiflum í aðsókn. Við þurfum að sækja okkur umtalsverða fjármuni í miðasölu og þurfum að vera markaðsdrifnari. Ef eitthvað klikkar sjáum við það strax í bókunum.“

### Ekki bara fyrir elítuna

*Þú talar um að Þjóðleikhúsið eigi ekki bara að vera fyrir menningarelítu, var það einhvern tíma þannig?* „Stundum. Ég gleðst alltaf yfir því þegar fólk er að koma í fyrsta skipti í Þjóðleikhúsið. Þá gæti maður haldið að Þjóðleikhúsið hafi ekki verið að sinna þeim. Við verðum að passa að þessi stofnun verði ekki elítustofnun, ef við teljum að Þjóðleikhúsið eigi að hafa erindi við landsmenn. Ef við lítum á menningu og listir sem andlega næringu, þá bjóðum við stundum upp á of mikið af þverskorinni ýsu og of lítið af rjómakökum. Þá þarf maður að breyta.“

*Ertu að reyna að höfða til allra?* „Ég er að reyna, en er meðvitaður um listrænar kröfur sem gerðar eru til Þjóðleikhússins. Það er stundum sett strangasta mælistika sem er í vopnabúrinu á Þjóðleikhúsið. Mér finnst ekkert að því á meðan það er sanngjarnt.“

*Er hægt að höfða til allra án þess að fórna listrænum standard?*

„Þetta er veruleikinn minn og okkar, en mér finnst mikilvægt að leikhús sé vinsælt. Það er erfitt að koma á sýningu sem er langt á undan sinni samtíð eftir fimm ár. Það er ekki hægt, því tíminn er liðinn. Það er líka merkilegt að meirihluti af öllum íslenskum leikritum er bara sýndur einu sinni, það er sjaldgæft að verk séu tekin til sýninga aftur. Erlend verk sem eru sýnd hér eru yfirleitt rjóminn af leikverkum í heiminum. Verk sem er búið að setja upp oft, á meðan verið er að setja upp íslensk verk í fyrsta og eina skiptið. Stundum finnst manni ekki fullur skilningur á því. Þetta er um það bil það erfiðasta sem við gerum, að setja upp nýtt íslenskt leikverk. Ég segi leikverk því mér finnst ekki grundvallarmunur á leikriti sem er byggt á áður útgefnum t.d. skáldsögum eða sem er frumsamið frá grunni. Áhættan er hin sama.“

Ari segir að Þjóðleikhúsið sé að sinna sinni menningarlegu skyldu með því að taka upp hvort tveggja; ný íslensk verk og leikgerðir. „Mér finnst annað ekki útiloka hitt og margar af þeim merkilegustu sýningum sem hafa verið í íslensku leikhúsi undanfarin ár hafa verið byggðar á skáldverkum. Svo hafa komið frábær frumsamin ný íslensk verk. Mér finnst skrýtin umræða að annað sé réttara en hitt og ef við setjum upp íslenskt leikverk byggt á skáldsögu séum við að útiloka eða drepa leikskáldið. Það eru yfirleitt leikskáld sem gera leikgerðirnar, og margir hafa unnið jöfnum höndum frumsamin verk og gert leikgerðir,“ segir hann og nefnir Kjartan Ragnarsson sem dæmi.

### Ekki karlaleikhús

*Það hefur líka verið í umræðunni að þú hafir tilkynnt þrjú ný verk á komandi leikári – öll eftir karla. Þið hafið mætt talsverðri gagnrýni fyrir það. Vantar konur í Þjóðleikhúsið?*

„Já, sú gagnrýni kom nú í Fréttablaðinu. Það eru þrjár bækur sem við erum búnir að kaupa en það er ekki þar með sagt að þær séu allar að fara upp á næsta ári eða það útiloki kaup á öðrum bókum. En svo ég taki nú bara sem dæmi eina þessara bóka, Gott fólk eftir Val Grettisson. Þetta er bók um ákaflega eldfimt efni sem er kynbundið ofbeldi. Mismunandi upplifun á slíku ofbeldi á milli geranda, sem er karlmaður, og þolanda, sem er kona. Hvar liggja mörkin? Þessi bók finnst mér tala inn í okkar samtíma. Leikstjórinn er kona, fastráðinn leikstjóri við húsið, Una Þorleifsdóttir. Skiptir það öllu máli að bókin er eftir karl? Sjáum til. Eigum við ekki að sjá hvernig sýningin verður?“ útskýrir Ari og heldur áfram.

„Til helminga eru konur og karlar listrænir stjórnendur í Þjóðleikhúsinu. Við erum að sýna verk núna um jólin þar sem eitt af höfuðkvenhlutverkum leikbókmenntanna, Blanche í Sporvagninum Girnd, er aðal, þetta er mjög femínískt verk vegna þess að þetta verk sýnir okkur mjög ljótan karlaheim þar sem konur eiga undir högg að sækja. Í hjarta Hróa hattar, hver er hetjan þar? Maríanna og svona getum við haldið áfram. Efnistökin skipta máli.“

### Alvöru femínistar

*Baltasar Kormákur hefur talað fyrir kynjakvóta í kvikmyndagerð, myndir þú vilja sjá eitthvað svipað í leikhúsinu?* „Hið besta væri ef hlutfall karla og kvenna í lykilstöðum endurspegli hlutfall þeirra í samfélaginu. Karlar og konur eru jafn mörg. Þess vegna á þetta að vera til helminga. Ég held við séum ekki að fara að leiðrétta mörg þúsund ára mismunun með annars konar mismunun. Við eigum ekki að gera það.“

*Þannig að þú ert ósammála Baltasar?*

„Erum við ekki í kjörstöðu, ef þetta er til helminga? Er það ekki eins gott og það getur verið í þessum besta heimi allra heima? Er maður meiri femínisti ef maður mismunar til kvenna? Er maður þá alvöru femínisti? Er maður ekki hinn raunverulegi femínisti ef maður hefur þetta til helminga?“ Ara eru femínistar hugleiknir, en vill ekki tilheyra þeim hópi, „þó að Balti hafi komið út sem femínisti í viðtali hjá ykkur og ég stutt hann út úr skápnum sem slíkur. Ég spyr ykkur hver skilgreiningin er á femínisma og þið segið þeir sem vilja jafnrétti og vilja leiðrétta kynbundinn mun og já, ég vil það. En það er líka margt inni í þessu sem sumir leyfa sér að segja og ég get ekki aðhyllst, t.d. jákvæð mismunun. Mér finnst það erfið tilhugsun því hún er í eðli sínu mismunun.“

> Er maður meiri femínisti ef maður mismunar til kvenna? Er maður þá alvöru femínisti?

> Trésmiðir og sjúkraliðar eigi jafn mikið erindi í Þjóðleikhúsið og bókmenntafræðingar í 101.

> Það er þungbært fyrir meðferðarfólkið að sitja undir ásökunum um að það láti þetta eða hitt viðgangast.

### Tvíkeppni á markaði

*Er samkeppni á milli leikhúsanna?*

„Já, það er tvíkeppni á milli stóru leikhúsanna á höfuðborgarsvæðinu. Það er ánægjulegt hvað þau eru bæði öflug.

*Andar köldu á milli?*

„Nei, ekki held ég það. Stundum er léttur pirringur, sem er bara hluti af samkeppninni en við Kristín [innsk. Eysteinsdóttir] eigum fín samskipti, hún getur leitað til mín með einhverja hluti og ég til hennar.“

### Alltaf fullur og hætti svo

Ari var framkvæmdastjóri SÁÁ og situr enn í framkvæmdastjórn samtakanna. „Ég fór inn í það starf því ég fór í meðferð fyrir meira en tíu árum. Ég hætti að drekka og fannst það merkilegt og ánægjulegt. Það hafði verið mikill dragbítur á lífi mínu. Ég taldi mér trú um að ég væri ekki mikil fyllibytta því ég fór í MBA-nám og var í tveimur vinnum. Ég var samt alltaf fullur og þetta var komið gott. Í framhaldi af því hafði ég áhuga á þessum fallegu og góðu mannræktarsamtökum sem nota bene eru stofnuð af körlum. Þannig að karlar hafa stundum gert eitthvað gott líka – þó við karlpeningurinn séum ábyrgir fyrir mörgu því versta í heiminum. Ég var svo seinna ráðinn framkvæmdastjóri SÁÁ og starfaði þar. Í kjölfar þess fór ég í meistaranám í hagfræði, heilsuhagfræði og gerði rannsókn á þjóðfélagslegri byrði áfengis og vímuefnaneyslu á Íslandi.“

Við rannsóknina fékk hann aðgang að viðtölum sem tekin voru við sjúklinga á Vogi. Viðtölin meta vanda sjúklinganna. „Þessi rannsókn tók á mörgum þáttum, refsikerfinu, heilbrigðiskerfinu og ég reyndi að meta þetta, og setja tölu – hvað kostar þetta allt saman?“

„En vegna þessa að við erum svo miklir femínistar í þessu viðtali, þá hafið þið áhuga á að vita að það er margt kynbundið inni í þessu, t.d. kemur fram að 56% kvenna sem koma í meðferð hafa orðið fyrir kynferðislegri misbeitingu yfir ævina og 13% karla. Við vitum að þegar maður neytir vímuefna hefur maður minni aðgang að æðri hlutum heilans, framheilanum þar sem hömlurnar eru og það dregur úr æðri hugsun. Fólk fer að hegða sér með prímitívum hætti og þá gerir það svona hluti frekar. Það er vel þekkt að menn beita aðra ofbeldi bæði kynferðislegu, líkamlegu og andlegu ofbeldi þótt þeir séu allsgáðir en það eru meiri líkur á að menn beiti því og verði fyrir því ef þeir eiga við vímuefnavanda að stríða.“

**Aldrei þurft að vera hræddur**

Inni í þessu voru tölur um konur sem leituðu á neyðarmóttöku vegna kynferðisbrota.

„Það var sláandi hvað stór hluti af konum, sem leituðu þangað, var ósjálfbjarga eða ofurölvi þegar brotið átti sér stað. Það er hræðilegt að hugsa til þess að þú þurfir sem kona að passa þig – en þú ert ófær um að gera það ef þú ert ofurölvi. Ég er hávaxinn og sæmilega þrekvaxinn og hef aldrei þurft að vera hræddur úti á lífinu en maður getur trúað að konur séu hræddar, bara að labba heim. Þetta er dapur raunveruleiki.“

*Nú hefur verið í umræðu að eigi að kynjaskipta Vogi. Rótin hefur talað fyrir því að það sé ekki gott að konur og karlar séu saman í meðferð. Jafnvel eldri menn og yngri konur. Hver er þín skoðun?*

„Ég held að það geti verið óheppilegt. En Vogur er spítali – það eru karla- og kvennastofur á öllum spítölum. Í tilfelli Vogs hafa menn verið að vinna að því að álmuskipta Vogi svo að konur séu sér, en hitt er annað mál – eigum við að koma í veg fyrir að bæði kynin borði saman? Fari á fundi saman? Stundum er þetta ekki gerlegt, út af fjármunum sem við höfum úr að spila. SÁÁ hefur tekið alvarlega tillit til þessarar umræðu. Nú eru uppi áform að byggja verulega við eftirmeðferðarstöðvar SÁÁ á Kjalarnesi og þar verði kynin algjörlega aðgreind í eftirmeðferðinni. Það er reyndar eftirmeðferð fyrir unga karla uppi í Dölum, en uppi á Kjalarnesi er Vík, þar sem eru konur og karlar sem eru eldri en 55 ára. Þá spyrjiði, af hverju 55 ára – eru þeir þá getulausir og hættulausir? Það er bara stærðarhagkvæmni. Það hefur verið sérstök kvennameðferð hjá SÁÁ lengi. Það er mikil aðgreining á milli kynja inni á Vogi og stundum er þessi umræða rekin áfram af ákveðinni vanþekkingu. Rótin er auðvitað að brýna menn til að gera betur. Menn eiga að hlusta á það.“

Ari segir upplifun kynjanna ólíka í meðferð. „Upplifun mín var sú að karlar væru brotnir því að þeir upplifðu að þeir næðu ekki þeim frama í lífinu sem þeir ættu að ná. Konur voru brotnar yfir að hafa brugðist fjölskyldu sinni. Þetta er alhæfing, þetta er auðvitað miklu flóknara en þetta var myndin eins og hún blasti við mér. Ég er ekki heilbrigðisstarfsmaður – ekki ráðgjafi eða hjúkrunarfræðingur, læknir eða sjúkraliði, en svona sá ég þetta.“

**Er börnum hætta búin á Vogi?**

Svokölluð bangsadeild á Vogi hefur líka verið gagnrýnd, að ungt fólk eigi ekki að vera í meðferð með eldra fólki.

„Þar er aðgreining. Það er algjörlega lokuð deild. Þau borða sér, en þau fara út í reyk. Maður getur velt fyrir sér hversu miklar hömlur maður á að setja? Oft á tíðum þegar ungir krakkar eru að koma til meðferðar eiga þau erfitt með að lúta valdi. Þess vegna er mikilvægt að þau séu ekki læst inni. Þau myndu aldrei sætta sig við það. Krakkarnir geta farið út og eiga greiðari aðgang inn í meðferð aftur. Þetta er til þess að þau upplifi ekki þvinganir. Við getum líka hugsað, er þeim meiri hætta búin inni á Vogi en á Hverfisgötu? Ég held ekki. Ég held að SÁÁ sé að reyna að gera eins vel fyrir peningana og hægt er og hafi metnað til þess að standa sig . Það er þungbært fyrir meðferðarfólkið að sitja undir ásökunum um að það láti þetta eða hitt viðgangast. Það eru engin brot liðin á Vogi. Því miður er alls konar fólk sem kemur, þ.e.a.s., sem betur fer. Ekki er spurt um afbrotahegðun þeirra sem leggjast inn á Landspítala, enda eru þeir þangað komnir því þeir þurfa heilbrigðisþjónustu. Eigum við að neita fólki um heilbrigðisþjónustu?“

**Ungt fólk er svo hvatvíst**

*Vantar ekki betri meðferðarúrræði fyrir þennan yngsta hóp?*

„Ungt fólk er svo hvatvíst. Svo fljótt að jafna sig. Er að drepast úr desperasjón og svo er aftur komin helgi. Þá telja þau sér trú um að þetta hafi ekki verið svo slæmt og fara aftur á kreik. Það er ekki misheppnað þó að takist ekki í fyrsta eða annað skipti að verða edrú. 80% þeirra sem koma inn á Vog koma þrisvar eða sjaldnar. Helmingurinn kemur einu sinni. Það er stór hluti af þeim sem koma til meðferðar sem nær árangri með tiltölulega litlu inngripi.“

*Hvernig fór leikurinn og drykkjan saman?*

„Ég komst að því að besta meðal við þynnku var að leika tvær barnasýningar. Mann langar til að grenja á meðan en þegar maður er búinn er maður búinn að hreinsa sig. Mér var sagt upp í Borgarleikhúsinu á endanum. Ég held maður missi sköpunargáfuna og getuna því maður er oft illa fyrirkallaður.“

Hann segir magnað að sjá leikhúsfólk koma til baka eftir að hafa hætt að drekka.

„Mér finnst ánægjulegt þegar þeir sem drekka of mikið fara í meðferð og koma aftur og hafa fengið gleðina. Eru endurnýjaðir í öllu sínu. Tölum um minn gamla sambýlismann, Baltasar. Við bjuggum einu sinni saman. Það var rosalegt. Konan mín var í námi í Danmörku og hann flutti inn. Við þurftum að fá særingamann til að hreinsa barnaherbergið þegar börnin komu aftur,“ segir hann hlæjandi og viðurkennir að sambúðin hafi verið skrautleg.

„Hann er hættur að drekka og þið sjáið hvað hann hefur blómstrað, orðinn stórkostlegur listamaður. Ég er nú ekki að líkja mér við hann en ég náði jafnvægi í líf mitt og gleði til starfa við að hætta að drekka.“

*Hafði þetta áhrif á fjölskyldulífið?*

„Já, ég held það. Ég held ég sé betri maður. Þegar alkóhólistinn er kominn á Vog eru fimm úti í bíl sem eru alveg búnir á því. Þetta liggur svo á fólki því við erum svo hrædd. Við eigum öll sögur um það hvað þetta getur farið hryllilega.“

**visir.is** Viðtalið má hlusta á í lengri útgáfu á Vísi, í hlaðvarpinu Föstudagsviðtalið.



# Rangfærslur



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Yfirlýsing Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi í gær um að engin áform væru uppi í utanríkisráðuneytinu um að hverfa frá stuðningi Íslands við viðskiptaþvinganir á hendur Rússlandi er ánægjuleg. Enda væri vegið að hagsmunum landsins ef látið yrði undan þeim vælukór sem kvartað hefur undan áhrifum innflutningsbanns Rússa á íslenskar afurðir, sem sett var á í fyrrasumar vegna stuðnings Íslands við þvinganirnar.

Í fyrradag kvaddi Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, sér hljóðs á Alþingi og hélt því fram að með stuðningi við þvingunaraðgerðir vestrænna þjóða væri hér verið að kasta fyrir róða Rússlandsmarkaði, sem um áratugaskeið hafi verið mikilvægasti markaður landsins fyrir fiskafurðir og matvælaframleiðslu.

„Þær staðföstu þjóðir sem við fylgjum eins og skugginn hafa ekki lagt mikið undir í viðskiptaþvingunum sínum á Rússlandi og heildaráhrif aðgerðanna varla mælanlegar í þeirra efnahag,“ sagði hann. Málflutningurinn kallast að hluta á við yfirlýsingar útgerðarmanna um að þvinganirnar komi jafnvel hvergi jafn hart niður og einmitt hér.

Áhrifin eru vissulega allnokkur og óþarfi að gera lítið úr þeim, en þau eru langt því frá með því mesta sem gerist á byggðu bóli og raunar helberar rangfærslur að halda slíku fram. Í skýrslu Evrópusambandsins um áhrifin sem út kom á haustdögum 2014 kemur til dæmis fram að mun meiri áhrif eru á landsframleiðslu í Eystrasaltslöndunum, sér í lagi Litháen, 2,6 prósent af vergri landsframleiðslu.

Þá má velta fyrir sér hvort fullyrðingar í þá átt að viðskiptabannið eitt komi niður á viðskiptum Íslendinga við Rússa standist skoðun. Árið 2014 lentu útflytjendur hér í stórfelldum vandræðum vegna gjaldþrota fyrirtækja í Rússlandi.

Í nýjasta hefti efnahagsritsins Vísbendingar er vitnað til skýrslu Reykjavík Economics, um þær áskoranir sem hagkerfi Rússlands stendur frammi fyrir. Verg landsframleiðsla Rússa hafi á síðasta árið dregist saman um 3,6 prósent og enn stæði landið frammi fyrir mótvindi vegna lækkandi olíuverðs.

„Þess vegna er ljóst að kaupmáttur hefur minnkað í Rússlandi og það hefur áhrif á eftirspurn eftir vörum. Óljóst er hvaða áhrif þetta myndi hafa á innflutning á uppsjávarfiskum frá Íslandi,“ segir í þýðingu Vísbendingar á skýrslunni. Þar segir líka að ekki dugi að láta eins og allt myndi falla í ljúfa löð varðandi viðskipti við Rússland bara ef Íslendingar skærust úr leik og ryfu samstöðu vestrænna þjóða gegn yfirgangi Rússa á Krímskaga.

Ljóst er að menn fara offari í sérhagsmunagæslunni þegar áhrif af samstöðu Íslands með vestrænum þjóðum eru bæði ýkt og skrumskæld. Smáþjóðir eiga allt undir því að alþjóðalög séu virt, eða svo vitnað sé í orð Elínar Hirst, þingkonu Sjálfstæðisflokks, á Alþingi í gær: „Við getum að sjálfsögðu ekki talað tveimur tungum hvað varðar virðingu okkar fyrir alþjóðalögum sem smáríki þar sem við byggjum afkomu okkar að miklum hluta á fiskveiðum og eigum því allt undir því að alþjóðalög og -sáttmálar séu virtir.“

**Ljóst er að menn fara offari í sérhagsmunagæslunni þegar áhrif af samstöðu Íslands með vestrænum þjóðum eru bæði ýkt og skrumskæld.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Ósættið borið á torg**

**Tveir þingmenn Samfylkingarinnar hafa lagt fram frumvarp um að banna verðtryggingu á nýjum neytendalánum. Jón Steinsson, hagfræðingur við Columbiaháskólann, segir þetta frumvarp tómt kjaftæði. „Er nema vona að jafnaðarmenn nái ekki vel vopnum sínum á Íslandi,“ segir hagfræðingurinn. Árni Páll Árnason svarar Jóni og segir frumvarpið ekki stutt af Samfylkingunni né honum sjálfum. Líkast til er þetta til marks um klofninginn að þingflokksformaður og sá þingmaður sem opinberaði klofninginn í formannsslag Samfylkingarinnar fara fram með mál í óþökk formanns. Helgi og Sigríður verða seint talin til fjaðurvigtar innan Samfylkingar.**

**Enn um handboltann**

**Íslenska landsliðið í handknattleik galt afhroð á Evrópumótinu sem haldið er í Póllandi og var sent heim með skottið á milli lappanna eftir einungis þrjá leiki. Töp gegn Hvít-Rússum og Króötum syndu kannski að við áttum ekkert erindi í milliriðil keppninnar. Ef einhver efi var til staðar fauk hann út í veður og vind þegar flautað var til hálfleiks í leik Frakklands og Hvíta-Rússlands. Hið síðarnefnda skoraði 39 mörk gegn strákunum okkar. Hins vegar náðu þeir aðeins að setja boltann fimm sinnum í mark Frakka. Ekki er hægt að ímynda sér hvernig íslenska liðinu hefði gengið á móti því franska.**

sveinn@frettabladid.is

# Íslensk þjóðmenning í hávegum höfð



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
forsætisráðherra

Í dag fögnum við merkum áfanga sem markar þáttaskil í þjóðminjavörslu á Íslandi. Í Þjóðminjasafninu er varðveitt stórt safn minja um meira en þúsund ára sögu íslensku þjóðarinnar. Í samræmi við áherslur stjórnvalda á málaflokkinn hefur verið tekin ákvörðun um að tryggja bestu aðstæður fyrir þessa grunnstarfsemi þjóðminjavörslunnar. Undirritaður verður samningur um nýtt og vel búið fjögur þúsund fermetra Varðveislu- og rannsóknasetur Þjóðminjasafns Íslands sem ætlað er að mæta kröfum samtímans um örugga vörslu menningarminja. Í húsinu verða öryggisgeymslur fyrir stóran hluta safnkosts Þjóðminjasafns auk starfsaðstöðu fyrir sérfræðinga, fræðimenn og nemendur. Öflug öryggisvarsla, hita- og rakastýring verður í húsnæðinu svo tryggja megi varðveislu fjölbreytts og viðkvæms safnkosts muna og jarðfundinna gripa. Í húsnæðinu verða einnig rannsóknarstofur, forvörsluverkstæði, aðstaða til sérhæfðrar umsýslu forngripa og aðstaða til undirbúnings sýninga. Einnig verður í húsnæðinu aðstaða til kennslu en Þjóðminjasafn Íslands er háskólastofnun með mikilvægt hlutverk fyrir námsmenn og rannsóknarstörf.

Grundvallarbreytingar voru gerðar á málefnum menningararfs með núverandi ríkisstjórn árið 2013 þegar forræði málaflokksins var flutt í forsætisráðuneytið samkvæmt forsetaúrskurði. Frá þeim tíma hefur markvisst verið unnið að því að efla stofnanir og starfsemi á málefnasviðinu. Samþykkt hafa verið lög um verndarsvæði í byggð sem stuðla að verndun byggðamynsturs í þéttbýli og er nú unnið að endurskoðun laga sem varða málaflokkinn. Sjónum hefur ekki hvað síst verið beint að sögulegum húsum í vörslu Þjóðminjasafns Íslands, en þar eru varðveitt torfhús sem eru á yfirlitsskrá heimsminjaskrár UNESCO. Gert hefur verið víðtækt átak á sviði minjaverndar, sem meðal annars felur í sér bætt aðgengi ferðamanna að minjastöðum þjóðarinnar. Með Varðveislu- og rannsóknasetri Þjóðminjasafns Íslands verður stuðlað að vandaðri vörslu menningarminja og auknum skilningi á menningararfi Íslands. Í því felast tækifæri til menntunar, atvinnusköpunar og aukinnar hagsældar í landinu. Það er því mikið fagnaðarefni að þessum áfanga sé náð.

**Með Varðveislu- og rannsóknasetri Þjóðminjasafns Íslands verður stuðlað að vandaðri vörslu menningarminja og auknum skilningi á menningararfi Íslands.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Spámenn, popp og tækni

**Í DAG**



Bergur Ebbi

David Bowie er dáinn. Hann er kominn til rokk-himna og dvelur þar með Elvis (sem átti sama afmælisdag og hann), Lennon, Jim Morrison og fleirum. Ég held reyndar að Bowie dvelji í þeim salarkynnum rokkhimna sem tilheyra poppi. Ég segi þetta af mikilli virðingu því ég er einn af þeim sem finnst popp merkilegra en rokk þó að þessi hugtök útiloki ekki hvort annað. Með mikilli einföldun skilgreini ég rokk sem tónlist sem ýtir við fólki á meðan popp hefur fremur að gera með hvernig miðlar eru notaðir til að láta áhrifin ná til sem flestra. Þannig var Elvis bæði rokkari og poppari, líka Lennon, líka Bowie. Tölum aðeins um popp.

David Bowie lést í íbúð sinni í New York í faðmi fjölskyldunnar en í raun dó hann frammi fyrir öllum heiminum því hann var meistari poppsins, frumkvöðull í notkun nýrra miðla í sjónvarpi og á netinu. Hann blandaði saman listformum og notaði hvert tækifæri til að magna upp verk sín fyrir fjöldann. Poppið er iðnvæðing sköpunarkraftsins. Það sem meira er: gott popp byggist á sérhæfingu, að hafa valinn mann í hverju rúmi. Þannig starfaði Bowie. Hann vann alltaf með besta fólkinu, lét ferskustu leikstjórana gera myndbönd fyrir sig og vinsælustu fatahönnuðina sauma á sig.

**Rafmagn, gítarar, sjónvarp**

Bowie var einn sá fyrsti sem gat gert þetta. Hann fullkomnaði byltingu sem hófst þegar hann var lítill strákur þegar frumrokkararnir mættu með rafmagnsgítarana sína í beinar sjónvarpsútsendingar. Grundvöllur poppsins lá í tækninni. Sjónvarp, rafmagnsgítarar, plötuspilarar. Þetta var jafn nýtt fyrir fólki og Snapchat og sjálfkeyrandi bílar eru í dag. Að vera einn sá fyrsti sem nýtti sér tæknina til fulls í þágu eigin sköpunargáfu er meira afrek en tónlistarhæfileikar einir og sér. Bowie, sem oft var kallaður popp-guð meðan hann lifði (hann gerði það meðal annars sjálfur), gæti endað sem nákvæmlega það: Guð, eða öllu heldur spámaður sem fólk mun hugsa um í þúsundir ára.

Þúsund ár. Ímyndið ykkur hvað tími að viðbættri opinni túlkun gæti til dæmis gert við eftirfarandi textabrot:

*Tárin sem aldrei munu þorna*
*Dómi sem fallið hefur*
*verður aldrei breytt.*

Svo orti Davíð árið 1983. Ég tel mig ekki vera að boða nein sérstök tíðindi hér. Elvis er þegar dýrkaður sem guð. Auk þess er ekkert óvenjulegt við að spámenn séu tónlistarmenn. Hver sló á tístrengja hörpu fyrir þrjú þúsund árum og samdi þetta?

*Ég lauga rekkju mína í tárum,*
*læt hvílu mína flóa hverja nótt.*
*Augu mín eru döpruð af harmi*

Var það ekki hinn dáði? Tónlistarmaðurinn Davíð sem er spámaður í tvennum stærstu trúarbrögðum mannkyns?

**Trúarjátningin**

En hvenær verður maður alvöru spámaður? Þegar maður hefur fylgismenn? Já. En það þarf eitthvað meira en það. Spámenn skapa meira en hefðbundna aðdáun. Það er enginn spámaður nema að orð hans séu hafin yfir gagnrýni, eða persónutöfrarnir slíkir að fólk hundsi alla skynsemi og fylgi spádómunum í blindni.

> **Fyrir suma er ekki nóg að tilbiðja sinn eina Guð. Þörfin til að gæða trúna trúverðugleika fylgir yfirlýsing um að guðir hinna séu máttlausari. Bowie er ekki bara voldugri Guð heldur en Lennon. Það er ekki nóg. Lennon var ekkert. Þannig hljóðar hið heilaga orð. Svona eru allar trúarjátningar.**

Undir einu af mörgum myndböndum sem sett voru á netið eftir að Bowie dó sá ég þetta komment:

*„John Lennon was nothing. Bowie is the God.“*

Kannski var þetta sett fram í sakleysi, þó varla hálfkæringi, þessi einlæga trúarjátning sem undirstrikar orsök allra deilna mannkynsins, allar styrjaldir og allt sem aflaga fer. Fyrir suma er ekki nóg að tilbiðja sinn eina Guð. Þörfinni til að gæða trúna trúverðugleika fylgir yfirlýsing um að guðir hinna séu máttlausari. Bowie er ekki bara voldugri Guð heldur en Lennon. Það er ekki nóg. Lennon var ekkert. Þannig hljóðar hið heilaga orð. Svona eru allar trúarjátningar. Minn Guð er bestur, hinir eru drasl.

Ég veit. Það hefur enginn verið drepinn enn þá vegna þessa máls. Flestir núlifandi aðdáendur Bowies og Lennons eru friðelskandi manneskjur og flestir myndu aldrei gera upp á milli þeirra. En spólum nokkur hundruð ár fram í tímann og sjáum hvað verður. Fólk drepur fyrir minna. Kristnir hafa í gegnum aldirnar drepið hver annan yfir rifrildi um hvort þeir eigi að hvíla sig á laugardegi eða sunnudegi. Leiðinleg staðreynd.

**Smurning sögunnar**

Svo líður tíminn og allt skolast saman. Frank Sinatra verður að eins konar Móse, sá sem ruddi brautina og hóf vegferðina, Dylan verður klínt í hlutverk Abrahams og þannig koll af kolli. Spurningin er svo hvern sagan mun smyrja. Hver fullkomnaði verkið? Hver er hinn eini sanni spámaður poppbyltingarinnar, sá sem sogar til sín orð og töfra allra hinna. „John Lennon was nothing. Bowie is the God.“ Ég er reyndar ekki alveg sammála en mín skoðun hefur enga þýðingu. Skoðanir eru vigtaðar í blóði. Þannig enda byltingar, sama hversu friðsamlega þær hefjast. Þar sem eru völd, þar eru fórnir þó að líða þurfi þúsund ár.

Að lokum. Hvíl í friði David Bowie. Þessi pistill var í raun ekki um þig. Dauði felur í sér uppreisn hugmynda, uppgjör, greiningar og vangaveltur. Dauðinn er eitt af því fáa sem er ekki hægt að horfa fram hjá. Dauði, eins fánýtur og hann kannski er, ýtir hugsunum fólks í átt að tilgangi. Þetta var einn fyrsti fagurfræðilegi dauðinn sem mannkynið hefur horft á í sameiningu. Það telur. Það mun telja. Við lifum kannski á árinu núll þegar horft verður til baka.




1.
Metsölulisti Eymundsson
Handbækur / Fræðibækur / Ævisögur

MÍNÍMALÍSKUR LÍFSSTÍLL BREIÐIST ÚT UM ALLAN HEIM

Einfaldaðu líf þitt og njóttu þess betur!

BJARTUR

# Á enginn að bera ábyrgð á sölu ríkiseigna?



**Árni Páll Árnason**
formaður Samfylkingarinnar

**Það verður að rannsaka þetta mál, því það þarf að draga af því lærdóm. Fram undan er gríðarleg sala ríkiseigna og þá megum við ekki við nýju Borgunarhneyksli.**

Nýlegar fréttir af gríðarlegum hagnaði þeirra stálheppnu, sérvöldu kaupahéðna sem fengu einir að bjóða í hlut Landsbankans í Borgun í lok árs 2014 staðfesta áfellisdóm yfir þeirri aðferð sem bankinn valdi til sölu á þessum eignum. Þessi kaup stefna hraðbyri í að teljast kaup aldarinnar í íslensku viðskiptalífi. Bankinn hefur ekki borið fram trúverðugar skýringar á þeirri leið sem valin var við söluna, né því hvers vegna bankinn greindi ekki þau gríðarlegu hagnaðartækifæri sem Borgun hefur boðið nýjum eigendum upp á. Bankinn tryggði sér ekki aðgang að þessum gríðarlegu greiðslum sem fyrirtækið mun nú að óbreyttu fá, eins og hann þó gerði við söluna á eignarhlut í Valitor á svipuðum tíma. Ef þetta er ekki spilling, er þetta fordæmalaust klúður. Hvorugt getur verið óátalið.

**Rannsókn nauðsynleg**

Það er góð spurning hvernig hægt sé að endurreisa traust á starfsháttum Landsbankans í ljósi þessa. Yfirstjórn bankans og Bankasýslan hljóta að taka það til athugunar, sem og Fjármálaeftirlitið. Ég vil að Alþingi sinni eftirlitshlutverki sínu og beiti þeim rannsóknarheimildum sem þingið hefur.

**Ábyrgðarleysiskúltúr**

Það verður að rannsaka þetta mál, því það þarf að draga af því lærdóm. Fram undan er gríðarleg sala ríkiseigna og þá megum við ekki við nýju Borgunarhneyksli. Stærstur hluti bankakerfisins er nú að falla í hendur ríkisins og gert er ráð fyrir að Eignasafn Seðlabankans (ESÍ) taki yfir um 60 milljarða eignir frá kröfuhöfum og komi þeim í verð. Í nýju frumvarpi fjármálaráðherra er einhverra hluta vegna gert ráð fyrir að stjórn þess eignarhaldsfélags njóti ábyrgðarleysis og að einstakir starfsmenn geti tekið ákvarðanir um sölu eigna sem nemur allt að einum milljarði króna, án sérstaks samþykkis.

Borgunarhneykslið kallar á endurmat á þessu víðtæka ábyrgðarleysi. Við verðum að hemja þennan ábyrgðarleysiskúltúr og búa til fastari og agaðri umgjörð um sölu ríkiseigna. Enginn sem fer með sölu almannaeigna á að geta skýlt sér á bak við ábyrgðarleysi að lögum. Um það ættum við öll að sameinast.

# Listamannalaunaveikin



**Jakob Bjarnar Grétarsson**
blaðamaður og bókmenntafræðingur

**Af hverju telur þessi hópur skammarlegt að þiggja listamannalaun með fullyrðingum um að með því að birta slíkar upplýsingar sé verið að stilla listafólki upp sem sakamönnum? Er þetta ekki nokkuð sem fremur ætti að fagna, á þeim forsendum að bókmenntir og listir gefi lífinu gildi?**

Frá því ég komst til vits og ára hef ég talið bókmenntir og listir gefa lífinu gildi; göfgandi, næra andann og samfélagið allt. Churchill mun hafa sagt þegar lagt var til í stríðinu að framlög til lista yrðu skorin niður: Til hvers er þá barist?

Ég minnist þess ekki að nokkur með fullu viti hafi efast um nauðsyn bókmennta. Reyndar hef ég aldrei heyrt nokkurn mann halda öðru fram. Svo viðurkennd er þessi skoðun að tala má um staðreynd. Sem allir gera sér grein fyrir. Eða, þetta hélt ég.

Löngum hef ég talið listamannalaun lúsarlega léleg, þau eru undir framfærsluviðmiðum. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að ríkið ætti að stórauka framlag til menningar og lista. Færð hafa verið sannfærandi rök fyrir því að slíkt framlag skili sér til baka með rentum. En, þetta er mín persónulega skoðun og ég blanda ekki saman við fréttaflutning.

Nú ber svo við að fjöldi manna, virtir rithöfundar og slíkir, básúna yfir mannskapinn: Bókmenntir og listir gefa lífinu gildi! Og við kveða húrrahróp líkt og þetta séu nýuppgötvuð sannindi. Svipað og að ef sjómenn færu um í hópum, ef til vill að undangenginni enn einni umræðu um kvótakerfið og æptu og öskruðu á hverju götuhorni: Fiskur er matur. Fiskur er víst matur! Fólk myndi líkast til spyrja sig: Við hverja eru mennirnir að rífast?

Mætustu menn hafa stigið fram, margir þekktir fyrir að hafa talað fyrir siðbót og gagnsæi og fullyrða nú að með fréttaflutningi sé um að ræða atlögu að þekktum listamönnum. Glórulausar ásakanir á hendur blaðamönnum og barnalegustu samsæriskenningar hafa litið dagsins ljós eins og þær að fjölmiðlar séu, með því að birta upplýsingar um listamannalaun, að bregða fæti fyrir hugsanlegt forsetaframboð Andra Snæs Magnasonar?!

Hverjar eru þessar upplýsingar? Jú, hverjir fá listamannalaun, hverjir hafa fengið flesta mánuði úthlutaða á undanförnum áratug, hver eru afköstin (í framhaldi af orðum formanns stjórnar Listamannalauna um að þeim sé úthlutað verkefnatengt og listamenn þyrftu að skila framleiðniskýrslum) auk þess sem fram hefur komið að stjórn rithöfundasambandsins velur fólk í úthlutunarnefndina. En, sæmileg umræða um þessar staðreyndir hlýtur þó að hverfast um fyrirkomulagið sem slíkt.

Af hverju telur þessi hópur skammarlegt að þiggja listamannalaun með fullyrðingum um að með því að birta slíkar upplýsingar sé verið að stilla listafólki upp sem sakamönnum? Er þetta ekki nokkuð sem fremur ætti að fagna, á þeim forsendum að bókmenntir og listir gefi lífinu gildi? Ætti þetta ekki að vera téðum til lofs og dýrðar frekar en hitt? Að þeir skuli veljast til að bera fánann. Á hvaða forsendum telur fólk þetta lagt upp þeim til lasts?

Fram hefur stigið háværr hópur sem virðist telja þetta framlag ríkisins sína persónulegu eign – virðist gripinn því sem má kannski kalla listamannalaunaveikina því krafan er sú að með þetta sé pukrast en annað ekki. Engin leið er að skilja þetta öðruvísi.

# Einstakt lýðheilsuátak



**Kristján Þór Júlíusson**
heilbrigðisráðherra

**Ég vil að lokum lýsa þakklæti mínu í garð allra þeirra fjölmörgu aðila sem hafa um langt skeið lagt nótt við dag til að undirbúa og gera mögulegt þetta einstæða lýðheilsuverkefni. Fjöldi fólks sem glímir við erfiðan sjúkdóm eygir nú von um lækningu og betra líf.**

Í dag er einstöku meðferðarátaki við lifrarbólgu C hleypt af stokkunum. Átakið felur í sér að unnt verður að veita öllum þeim 800-1.000 einstaklingum sem eru sjúkratryggðir á Íslandi og hafa greinst með lifrabólgu C bestu fáanlegu meðferð með nýjum lyfjum. Átak af þessari stærðargráðu, þar sem öllum býðst besta fáanlega meðferð, á sér vart fordæmi á heimsvísu.

Lifrarbólga C er alvarlegur og í mörgum tilvikum lífshættulegur sjúkdómur þar sem þekktar afleiðingar eru skorpulifur, lifrarkrabbamein og lifrarbilun.

Flestir sem sýkjast af lifrarbólgu fá langvinna sýkingu sem krefst meðferðar. Sú lyfjameðferð sem lengst af var beitt gat læknað fólk en dugði ekki alltaf. Meðferð tekur marga mánuði og aukaverkanir eru nokkuð algengar og geta reynst sjúklingum erfiðar.

Á síðustu misserum hafa komið fram ný lyf við lifrarbólgu C sem kalla má byltingarkennd þar sem þau lækna á bilinu 95 til 100% sjúklinga sem eru meðhöndlaðir með þeim, auk þess að hafa mun minni aukaverkanir en eldri lyf. Sá hængur er á að þessi lyf eru mjög dýr sem gerir það að verkum að heilbrigðisyfirvöld í þeim löndum þar sem lyfin hafa á annað borð verið innleidd gera það með ströngum skilyrðum þar sem aðeins lítill hluti smitaðra fær slíka meðferð samkvæmt forgangsröðun sem byggist á faglegu mati lækna.

**Ísland fær einstakt tækifæri**

Með átakinu er stefnt að því að vinna bug á sjúkdómnum hér á landi og stemma stigu við frekari útbreiðslu hans. Forsenda þess að unnt er að ráðast í þetta risavaxna verkefni, er samstarf við lyfjafyrirtækið Gilead Sciences sem í faraldsfræðilegu rannsóknarskyni leggur til lyfið Harvoni fyrir alla þá sjúklinga sem smitaðir eru og þiggja meðferð. Samhliða meðferðarátakinu mun fara fram rannsóknir á árangri þess til lengri og skemmri tíma, m.a. á sjúkdómsbyrði og á langtímakostnaði við heilbrigðisþjónustu.

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 6. október sl. að veita árlega, næstu þrjú árin, 150 milljónir króna til átaksins sem varið verður til blóðrannsókna og annarrar þjónustu sem tengist meðferðinni. Jafnframt fól ríkisstjórnin mér að ganga frá samkomulagi íslenskra heilbrigðisyfirvalda og Gilead um verkefnið. Í dag staðfesti ég þennan samning Landspítala og Gilead.

Ein af mikilvægustu forsendum þess að lýðheilsuátak eins og þetta sé raunhæft og framkvæmanlegt er sú að við erum fámenn eyþjóð auk þess sem við búum við gott heilbrigðiskerfi með trausta innviði.

**Langur aðdragandi og vandaður undirbúningur**

Undirbúningur að þessu verkefni hefur staðið vel á annað ár. Hópur lækna á Landspítala hafði forystu um málið í samvinnu við fyrirtækið Gilead en á síðari stigum undirbúningsins komu að verkefninu breiður hópur fagfólks Landspítala, fulltrúar velferðarráðuneytisins, SÁÁ og fleiri aðila. Sóttvarnalæknir hefur átt afar mikilvæga aðkomu að verkefninu, enda fellur verkefnið að 5. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997. Landspítali mun leggja til starfsmenn, aðstöðu og nauðsynlegar greiningarannsóknir en yfirumsjón með verkefninu verður á hendi sóttvarnalæknis.

Ég vil að lokum lýsa þakklæti mínu í garð allra þeirra fjölmörgu aðila sem hafa um langt skeið lagt nótt við dag til að undirbúa og gera mögulegt þetta einstæða lýðheilsuverkefni. Fjöldi fólks sem glímir við erfiðan sjúkdóm eygir nú von um lækningu og betra líf. Eins og Haraldur Briem, fyrrverandi sóttvarnalæknir, hefur bent á má með þessu átaki binda vonir við að okkur takist að rjúfa þennan vítahring smits og bægja þessum landlæga og alvarlega sjúkdómi frá til framtíðar.

Það er til mikils að vinna.

# Norræn samvinna um málefni flóttamanna

**Katrín Jakobsdóttir**
Vinstrihreyfingin - grænt framboð
**Audun Lysbakken**
Sosialistisk Venstreparti, Noregi
**Paavo Arhinmäki**
Vasemmistoliitto, Finnlandi
**Johanne Schmidt-Nielsen**
Enhedslisten, Danmörku
**Jonas Sjöstedt**
Vänsterpartiet, Svíþjóð.



**Ríkisstjórnir Norðurlanda verða þegar í stað að koma saman til að leysa vandann sem við stöndum frammi fyrir. Vinstriflokkarnir á Norðurlöndum standa að tillögum sem verja rétt fólks til að leita sér hælis og verja norræna samvinnu.**

Straumur flóttafólks hefur leitt til þess að Norðurlöndin keppast nú við að loka landamærum sínum. Sterkustu stoðir norræns samstarfs, frjáls för og vegabréfafrelsi, riða nú til falls. Vegna áhrifa öfga hægriflokka í norrænum ríkisstjórnum má sjá stjórnvöld gera flóttamönnum erfiðara að nýta rétt sinn til að sækja um hæli. Vinstriflokkar í fimm löndum vilja hins vegar að Norðurlönd vinni saman að lausn á neyð flóttamanna og verji frjálsa för og vegabréfafrelsi.

Mikilvægi samvinnunnar í þessari stöðu er ótvírætt. Hún á að vera á ýmsum stigum – norræn, evrópsk og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna – byggð á mismunandi pólitískri stöðu. Þegar Evrópusambandið tekst á við mikla erfiðleika er sérlega mikilvægt að norrænar þjóðir starfi saman.

Dyflinnarreglugerðin virkar ekki og í stað hennar þarf reglur sem tryggja hælisleitendum rétt og skipta ábyrgð milli móttökulanda á sanngjarnan hátt. Reglur um meðferð hælisleitenda í fyrsta komulandi þarf að afnema, því þær valda óviðráðanlegum aðstæðum í sumum löndum. Sameiningu fjölskyldna þarf að setja í forgang. Svarið getur ekki verið að sitja hjá meðan flóttamannabúðir á Grikklandi, Ítalíu og Makedóníu stækka. Og ekki heldur að nota Tyrki sem landamæralögreglu fyrir Evrópusambandið og launa þeim með því að gagnrýna ekki pólitískar ofsóknir.

**Það verður að deila ábyrgð**

Evrópa þarf samkomulag byggt á réttlátum grundvallarreglum um knýjandi verkefni. Það verður að deila ábyrgð á fólki á flótta milli evrópskra landa. Eins mörg lönd og hægt er verða að standa saman í því og þar er samvinna Norðurlandanna lykilatriði. Það getur líka verið kostur að Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna taki að sér stærra hlutverk í að deila niður flóttamannakvóta.

Frjáls för á Norðurlöndum er sögulegur vitnisburður um samvinnu þjóða sem hefur tryggt framfarir og sveigjanleika. Það þarf mikið til að réttlæta að víkja frá því með hertu landamæraeftirliti. Hert landamæraeftirlit gerir flóttamönnum erfiðara að komast til Norðurlanda. Það ýtir undir hættulegri flóttaleiðir og smygl á fólki. Þannig aukast dómínóáhrifin sem lokuð landamæri hafa í Evrópu. Norrænu vinstriflokkarnir styðja reglur um innflytjendur en við viljum ekki að landamærahindranir og hert eftirlit skerði rétt fólks til að sækja um hæli.

Fólk sem kemur til Norðurlanda að vinna á að búa við sömu réttindi og kjör og aðrir launþegar. Við viljum ekki veikja atvinnuréttindi flóttamanna og skapa þannig B-deild á vinnumarkaði. Við viljum nýta starfsfærni flóttamanna og leggja áherslu á menntun og tungumálakunnáttu. Norrænn vinnumarkaður er sameiginlegur.

Nota þarf allar færar leiðir, fyrst og fremst á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, til að binda enda á stríðið í Sýrlands. Norðurlönd þurfa að standa saman að virku samninga- og friðarferli til að finna pólitíska lausn á þeim átökum. Sameinast þarf um aukna þróunaraðstoð til lengri tíma en líka þurfa ríkari lönd að standa saman að nýrri Marshall-aðstoð ef friðarsamkomulag næst til að byggja upp innviði á þessu svæði.

Ríkisstjórnir Norðurlanda verða þegar í stað að koma saman til að leysa vandann sem við stöndum frammi fyrir. Vinstriflokkarnir á Norðurlöndum standa að tillögum sem verja rétt fólks til að leita sér hælis og verja norræna samvinnu. Við krefjumst þess að ríkisstjórnir landanna taki ábyrgð og leiti lausna í sameiningu.

F&F

# ÚTSALA

# 50-70%

AFSLÁTTUR

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind,
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.



## Eygló Ósk í Laugardalslauginni um helgina

**Í kvöld**

| | |
|---|---|
| Klukkan **17.06** | **50 metra baksund** |
| Klukkan **18.08** | **50 metra skriðsund** |

**Á morgun**

| | |
|---|---|
| Klukkan **10.01** | **100 metra baksund** undanrásir |
| Klukkan **16.51** | **100 metra baksund** úrslit |

**Á sunnudaginn**

| | |
|---|---|
| Klukkan **10.02** | **200 metra baksund** undanrásir |
| Klukkan **11.07** | **100 metra skriðsund** undanrásir |
| Klukkan **15.32** | **200 metra baksund** úrslit |
| Klukkan **16.09** | **100 metra skriðsund** úrslit |

Eygló Ósk Gústafsdóttir, íþróttamaður ársins 2015, keppir í kvöld á sínu fyrsta móti á árinu þegar sundmót Reykjavíkurleikanna hefst í Laugardalslaug. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Krakkarnir þekkja hana núna

**Eygló Ósk Gústafsdóttir keppir á fyrsta mótinu sem Íþróttamaður ársins í kvöld þegar hún hefur keppni á Reykjavíkurleikunum. Aðalandstæðingur hennar í fyrstu grein er fyrrverandi heims- og Evrópumeistari.**

**SUND** Fyrsti mánuðurinn sem Íþróttamaður ársins hefur verið viðburðaríkur fyrir sundkonuna Eygló Ósk Gústafsdóttur frá því að hún fylgdist með því í gegnum netið frá Karíbahafi þegar hún var kosin Íþróttamaður ársins.

Eygló Ósk kom heim fyrir viku úr æfingaferðinni og í kvöld er síðan komið að fyrsta mótinu hennar sem Íþróttamaður ársins þegar keppni hefst á sundmóti Reykjavíkurleikanna í Laugardalslauginni.

„Ég er enn þá að venja mig á það að fara að sofa fyrr enda orðin vön því að vera í öðru tímabelti þarna úti. Þetta er allt að koma núna en tekur smá tíma,“ segi Eygló Ósk en klukkan í Guadeloupe er fjórum tímum á eftir þeirri íslensku. Þegar sundkona fer á morgunæfingu fyrir allar aldir þá skipta þessir tímar miklu máli.

Verður samt ekki öðruvísi fyrir Eygló að mæta á mót sem ríkjandi Íþróttamaður ársins? „Já og nei. Ég ætla bara að hugsa um þetta sem venjulegt mót,“ segir Eygló jarðbundin og það er að heyra að hún ætli ekkert að slaka á.

„Það er búið að vera nóg að gera hjá mér í þessum mánuði og svolítið mikið um viðtöl,“ viðurkennir Eygló en hún kvartar ekki yfir athyglinni. „Athyglin fer bara mjög vel í mig og er bara hvetjandi,“ segir hún létt og bætir við: „Þetta er ekkert að trufla mig við æfingarnar. Ég þarf bara að einbeita mér og hafa hausinn á réttum stað,“ sagði Eygló en það reynir meira á einbeitinguna nú þegar áreitið er miklu meira.

### Hörkusamkeppni

Eygló fær hörkusamkeppni á Reykjavíkurleikunum því heims- og Evrópumeistarinn Mie Nielsen keppir við hana í fjórum greinum. „Við keppum oft saman og við æfum líka stundum saman. Hún er í baksundi eins og ég en er meira fyrir 50 og 100 metra baksundin. Ég er betri í 200 metra baksundinu,“ segir Eygló og Mie þorir ekki í hana í hennar bestu grein. „Hún syndir það ekkert lengur og finnst það ekkert gaman,“ segir Eygló sem hefur margbætt Norðurlandametið í 200 metra baksundinu. „Þó að það sé bara 100 metra mismunur á þessum greinum þá er rosaleg ólíkt að synda þær,“ segir Eygló sem ætlar sér þó að synda allar þrjár baksundsgreinarnar en hún mun keppa við Mie í bæði 50 og 100 metra baksundi og þær eru líka skráðar til leiks í 50 og 100 metra skriðsundi.

Auk Mie Nielsen keppir á mótinu danski sundmaðurinn Viktor Bregner Bromer sem varð meðal annars Evrópumeistari í 200 metra flugsundi árið 2014.

Eygló hefur verið að kynna Reykjavíkurleikana á síðustu dögum og þar finnur Íþróttamaður ársins fyrir því að nýi titillinn hafi komið henni meira í sviðsljósið. „Ég og systir mín eru búnar að vera að fara í nokkra skóla og kynna Reykjavíkurleikana. Það eru margir krakkar sem þekkja mann og segjast vita hver maður er. Það er mjög gaman og er nýtt fyrir mér,“ segir Eygló en það var einmitt systir hennar, Jóhanna Gerða Gústafsdóttir, sem tók við bikarnum fyrir hennar hönd í hófi Samtaka íþróttafréttamanna.

### Gaman ef fleiri fylgjast með

Fram undan er fyrsta mót Eyglóar á árinu og enn fleiri augu verða örugglega á henni en þegar hún keppti síðast í Laugardalslauginni enda hafa tvö brons á Evrópumóti og útnefning Íþróttamanns ársins bæst á afrekaskrána síðan þá.

„Það er samt bara gaman ef fleiri fylgjast með manni í lauginni,“ segir Eygló klár í fyrsta mótið sem Íþróttamaður ársins. **ooj@frettabladid.is**

# Njarðvíkurtengslin eru áberandi í Keflavíkurliðinu

**KÖRFUBOLTI** Keflavík er á toppi Domino's-deildar karla í körfubolta eftir fyrstu þrettán umferðirnar en í kvöld er komið að leiknum sem snýst um miklu meira en bara tvö stig eða sæti í úrvalsdeildinni.

Nágrannarnir í Njarðvík koma þá í heimsókn og það er óhætt að segja að á meðan allt hefur gengið upp hjá Keflavík á tímabilinu þá hafa Kanavandræðin leikið Njarðvíkinga grátt frá fyrsta degi.

Nú eru Njarðvíkingar komnir með nýjan Bandaríkjamann, Jeremy Atkinson, en Atkinson spilaði með Stjörnunni í fyrra og var þá sem dæmi með 26,5 stig og 11,7 fráköst að meðaltali í sex leikjum á móti Njarðvík. Hann er hins vegar að fara að mæta Keflvíkingum í fyrsta sinn á ferlinum í kvöld.

Keflvíkingar unnu tíu stiga sigur í fyrri leik liðanna í Njarðvík og bjuggu þá að því að fimm leikmenn og þjálfarinn Sigurður Ingimundarson voru þar að spila á sínum gamla heimavelli. Enginn leikmaður Njarðvíkurliðsins hefur hins vegar spilað fyrir Keflavík.

Leikur Keflavíkur og Njarðvíkur hefst klukkan 19.15 og er í beinni á Stöð 2 Sport. **– óój**

## Njarðvísku áhrifin innan Keflavíkurliðsins í Domino's-deild karla í körfubolta í vetur



**Guðmundur Jónsson**
**31 árs bakvörður**
**Alinn upp í Njarðvík**
Átta tímabil með Njarðvík. Kom til Keflavíkur 2013.



**Magnús Þ. Gunnarss.**
**34 ára bakvörður**
Lék tvö og hálft tímabil með Njarðvík. Kom aftur til Keflavíkur 2015.



**Valur Orri Valsson**
**21 árs bakvörður**
**Alinn upp í Njarðvík**
Lék fyrst með Njarðvík. Kom til Keflavíkur 2011.



**Ágúst Orrason**
**22 ára framherji**
**Alinn upp hjá Breiðabliki**
Þrjú tímabil með Njarðvík. Kom til Keflavíkur 2015.



**Magnús M. Traustas.**
**19 ára framherji**
**Alinn upp í Njarðvík**
Lék fyrst með Njarðvík. Kom til Keflavíkur 2015.



**Sigurður Ingimundarson**
**49 ára þjálfari**
Þjálfaði Njarðvík í eitt og hálft tímabil.

## Nýjast

### EM í handbolta í Póllandi

**Milliriðill 1 - fyrsti leikdagur**

**Frakkland - Hvíta Rússl. 34-23**
**Markahæstir:** Nikola Karabatic 9, Nedim Remili 5, Theo Derot 5 - Aliaksei Khadkevich 9, Barys Pukhouski 4.

**Makedónía - Króatía 24-34**
**Markahæstir:** Dejan Manaskov 7, Filipe Kuzmanovski 4 - Ivan Sliskovic 6, Manuel Strlek 5, Marino Maric 5.

**Stig liða í milliriðli 1:** Króatía 4, Frakkland 4, Pólland 4, Noregur 4, Makedónía 0, Hvíta-Rússland 0.

### Domino's-deild karla í körfu

**KR - Haukar 96-66**
**Stigahæstir:** Michael Craion 17, Helgi Már Magnússon 14, Brynjar Þór Björnsson 14 - Kári Jónsson 15, Finnur Atli Magnússon 11, Haukur Óskarsson 10.

**Tindastóll - Þór Þorl. 78-80**
**Stigahæstir:** Jeremy Hill 19, Helgi Rafn Viggósson 18, Darrell Flake 14 - Vance Hall 34, Emil Karel Einarsson 18, Ragnar Nathanaelsson 9.

**FSu - Stjarnan 81-94**
**Stigahæstir:** Chris Woods 30, Hlynur Hreinsson 19, Chris Caird 10 - Justin Shouse 33, Tómas Heiðar Tómasson 20, Sæmundur Valdimarsson 11.

**Grindavík - ÍR 86-82**
**Stigahæstir:** Jón Axel Guðmundsson 28, Charles Garcia Jr. 27, Ómar Örn Sævarson 13 - Jonathan Mitchell 31, Vilhjálmur Theodórsson Jónsson 17.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Keflavík | 22 | Tindastóll | 14 |
| KR | 22 | Snæfell | 12 |
| Stjarnan | 20 | Grindavík | 12 |
| Þór Þ. | 16 | ÍR | 10 |
| Njarðvík | 16 | FSu | 6 |
| Haukar | 14 | Höttur | 2 |

**DREGIÐ Í RIÐLA HJÁ KÖRFUBOLTASTRÁKUNUM Í DAG** Íslenska körfuboltalandsliðið komst á síðasta Evrópumót í Berlín og í dag kemur í ljós hvaða þjóðir munu standa í vegi fyrir að íslensku strákarnir komist aftur á Eurobasket 2017. Ísland er í öðrum styrkleikariðli í drættinum í dag. Dregið verður í sjö riðla, sex með fjórum þjóðum en einn með þremur. Alls verða ellefu sæti laus á EM en þangað komast sigurvegarar riðlanna auk fjögurra liða með besta árangurinn í öðru sæti. Ísland mætir einu liði úr 1. styrkleikaflokki (Pólland, Slóvenía, Belgía, Georgía, Rússland, Þýskaland, Makedónía), einu liði úr 3. flokki (Austurríki, Svíþjóð, Hvíta-Rússland, Sviss, Búlgaría Bretland, Slóvakía) og svo mögulega einu úr 4. flokki (Portúgal, Danmörk, Lúxemborg, Kýpur, Albanía, Kosovo).



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **17.15** | **Þýskaland - Ungverjal.** | RÚV |
| **19.00** | **Keflavík - Njarðvík** | Sport |
| **19.30** | **HSV - Bayern** | Sport 3 |
| **19.30** | **Svíþjóð - Rússland** | RÚV2 |
| **22.00** | **Körfuboltakvöld** | Sport |
| **01.00** | **NBA: Raptors - Heat** | Sport |

| | | |
|---|---|---|
| **19.00** | **ÍBV 2 - ÍR** | Eyjar |
| **19.15** | **Keflavík - Njarðvík** | TM-höllin |
| **19.30** | **FH - Grótta** | Kaplakriki |




*Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.*

IS JA 17 321




**Bifreiðaskoðanir**

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir það skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu.
Starfsemin er á öllu landinu og eru starfræktar 32 skoðunarstöðvar í þeim tilgangi.
Frá 2002 hefur Frumherji einnig séð um framkvæmd skriflegra og verklegra ökuprófa á Íslandi.
Ökuprófin eru framkvæmd á 20 stöðum á landinu, sjá lista yfir prófstað á vefsíðu okkar www.frumherji.is

Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is




*- örugg bifreiðaskoðun um allt land*



✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

**Jónína S. Eiríksdóttir**
Mörkinni, Suðurlandsbraut 66,

lést mánudaginn 18. janúar sl.
Útförin fer fram 29. janúar frá Digraneskirkju
kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á
hjúkrunarheimilið Mörk.

**Eiríkur Jónsson** | **Sigríður Einarsdóttir**
**Ásta Jónsdóttir** | **Hafsteinn Gunnarsson**
**Þorbjörg Jónsdóttir**
**Sigurður Geir Jónsson** | **Ragnhildur Hjartardóttir**
**Gunnar Þór Jónsson** | **Margrét Hallgrímsdóttir**
**Guðrún Ólöf Jónsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Viðar Magnússon**
Tröllakór 18, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans í
Kópavogi 19. janúar. Útförin fer fram
í kyrrþey.

**Betty Guðmundsdóttir**
**Brynja Viðarsdóttir** | **Björn Magnússon**
**Erla Júlía Viðarsdóttir** | **Styrkár Jóhannesson**
**Bragi Viðarsson**
**Guðmundur Viðarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Steinþóra Margrét Níelsdóttir**
Reykjavíkurvegi 7, Hafnarfirði,

lést á Sólvangi laugardaginn 16. janúar.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði
miðvikudaginn 27. janúar kl. 13.00.

**Páll Hannesson** | **Þóra Vigdís Guðmundsdóttir**
**Jóhanna Hannesdóttir** | **Jón Sigurðsson**
**Margrét Hannesdóttir** | **Sverrir Marinósson**
**Níels Hannesson** | **Lára Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Þökkum hlýhug og samúð við andlát
og útför elskulegrar móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Jónínu Guðrúnar Bogadóttur Thorarensen**
Hlaðbæ 1, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks
Landspítala Fossvogi.

**Bergrós Þorgrímsdóttir** | **Sveinn Sveinsson**
**Pétur Þorgrímsson** | **Jóhanna Gunnlaugsdóttir**
**Haukur Þór Þorgrímsson** | **Guðrún Helga Reynisdóttir**
**Bjarni Þorgrímsson** | **Linda Björk Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




✝

Þökkum auðsýnda samúð
og hlýhug við andlát
og útför hjónanna

**Þorbjargar Málfríðar Þorbergsdóttur og Halldórs Steinþórssonar**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sunnuhlíðar fyrir
frábæra umönnun.

**Fyrir hönd fjölskyldu og frændfólks,**

**Sigríður Þorbergsdóttir**
**Guðrún Þorbergsdóttir**
**Þórdís Þorbergsdóttir Jack Unnar Dauley**
**Steinþór Stefánsson Hildur Pétursdóttir**
**Friðberg Stefánsson**

# Hjálpar fólki að leita uppruna síns

**Sigrún Ósk Kristjánsdóttir vinnur að spánýjum þáttum þar sem löngu týnd og rofin fjölskyldutengsl eru í stóru hlutverki. Leitin hefst í Tyrklandi.**

„Þetta er hugmynd sem ég er búin að hafa á bak við eyrað í þó nokkurn tíma, en svo er eiginlega tilviljun að hún er komin í framkvæmd núna,“ segir sjónvarpskonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir sem vinnur þessa dagana að nýrri þáttaröð, en í henni mun hún hjálpa fólki að leita uppruna síns. Sigrún er sannarlega enginn aukvisi þegar kemur að dagskrárgerð, en hún hefur verið reglulegur gestur í viðtækjum landsmanna. Þættir á borð við Margra barna mæður, þar sem Sigrún sótti gríðarstórar fjölskyldur heim og Neyðarlínan, þar sem sannar sögur þeirra sem hafa þurft að nýta sér aðstoð Neyðarlínunnar voru sagðar, hafa slegið rækilega í gegn.

Fyrsta verkefni Sigrúnar í þessari nýju þáttagerð er að fylgja ungri, íslenskri konu til Tyrklands þar sem ætlunin er að reyna að finna blóðforeldra hennar. „Hún var ættleidd til Íslands þegar hún var tveggja ára og hefur ekki komið til Tyrklands síðan. Leiðir okkar lágu saman á Facebook á síðasta ári og í framhaldinu ákváðum við að fara saman í þetta ferðalag. Eftir það var svo ákveðið hér á Stöð 2 að gera heila þáttaröð.“

Þættir á borð við þessa hafa verið gerðir víða um heim á undanförnum árum og njóta mikilla vinsælda. Sigrún segir að hugmyndin sé ekki eingöngu að fylgja eftir ættleiddum börnum heldur líka þeim sem leita að öðru foreldri sínu, fólki sem veit ekki hvert rétt faðerni sitt er og þannig mætti áfram telja.

„Við erum komin vel af stað með undirbúning, en hafi fólk ábendingar eða áhuga á að vera með í þáttunum er til dæmis hægt að senda mér línu á sigrunosk@stod2.is eða skilaboð á Facebook. Ég heiti að sjálfsögðu fullum trúnaði,“ segir hún að lokum, yfir sig spennt fyrir verkefninu, sem eflaust á eftir að vekja umtalsverða athygli hér á landi, rétt eins og önnur dagskrárgerð sem sjónvarpskonan knáa tekur að sér.

**gudrun@frettabladid.is**



**Sigrún Ósk leitar um þessar mundir að fólki sem hefur áhuga á að leita uppruna síns með hennar hjálp.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



✝

Okkar ástkæri, faðir, stjúpfaðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Helgi Kolbeinsson**
bifvélavirki,
Lindargötu 61, Reykjavík,

lést 8. janúar á hjartadeild
Landspítala Íslands. Útförin verður
í Áskirkju mánudaginn 25. janúar kl. 11. Jarðsett verður
að því loknu í Stóra-Áskirkjugarði í Borgarfirði.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Helga Marta Helgadóttir**



✝

Eiginmaður minn og faðir okkar,

**Ólafur Ágúst Ólafsson**
lést á Droplaugarstöðum 19. janúar sl.
Útförin verður auglýst síðar.

**Sigurveig Kristjánsdóttir**
**Kristín Hagalín Ólafsdóttir**
**Kristján Ólafsson**
**Ólafur Ágúst Ólafsson**
**Sigrún Sandra Ólafsdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Helga Helgadóttir**
Kópavogsbraut 105,

er látin. Útförin fór fram í kyrrþey
að ósk hinnar látnu.

**Hrönn Sveinbjörnsdóttir** | **Nikulás Magnússon**
**Helgi Sveinbjörnsson**
**Héðinn Sveinbjörnsson** | **Sigríður Tryggvadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Bróðir okkar,

**Eyjólfur Kolbeinn Vilhelmsson**
Fögrubrekku, Hrútafirði,

varð bráðkvaddur á heimili sínu,
17. þessa mánaðar.

**Hrafnhildur Vilhelmsdóttir** | **Guðmundur Vilhelmsson**
**Hjörtur Guðmundsson** | **Hafsteinn Þ. Júlíusson**



✝

Elskuleg móðir okkar,

**Ágústa Steingrímsdóttir**
Hörðukór 1, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut
18. janúar sl.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Margrét St. Magnúsdóttir**
**Steingrímur Magnússon**
**Bára Magnúsdóttir**
**Magnús P. Magnússon**
**Ágúst Magnússon**



✝

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Trausti Jónsson**
Baughóli 6, Húsavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga
mánudaginn 18. janúar.
Útförin fer fram þriðjudaginn 26. janúar
kl. 14.00 í Húsavíkurkirkju.

**Kristín Kjartansdóttir**
**Kjartan Traustason** | **Erla Bjarnadóttir**
**Björk Traustadóttir** | **Árni G. Árnason**
**Kara Rún, Kristín, Arney**

# Lífsstíll

**FÓLK**
KYNNINGARBLAÐ



Innlit í barnaherbergi hjá Sonju Bent SÍÐA 4
Eva Laufey byrjar árið með fallegum og gómsætum mat SÍÐA 6

# BREYTA Í SPAÐA

**Spaðadrottningarnar, kallar Bubbi Morthens þær fjórar flottu tónlistarkonur sem hann fékk til liðs við sig við gerð nýjustu plötu sinnar 18 konur. Þetta eru þær Ingibjörg Elsa Turchi bassaleikari, Brynhildur Oddsdóttir gítarleikari, Sólrún Mjöll Kjartansdóttir trommari og Margrét Arnardóttir harmónikuleikari. Lífsstíll ræddi við þær um gerð plötunnar og samstarfið við Bubba.** FRAMHALD Á SÍÐU 2



Verðdæmi: Harðparket eikarplanki 8mm kr. 1990.- $m^2$
Tarkett viðarparket eik 3 stafa kr. 3990.- $m^2$
Teppi og dúkar 25-70% afsláttur
WC innb. kassi/skál/seta kr. 39.700

ÚTSALA

Þúsundir fermetra af flísum með
20%-70% afslætti

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET..

» Við hittumst yfir kaffibolla á Bryggjunni Brugghúsi og horfum yfir höfnina og sjóinn sem svo oft hefur orðið Bubba að yrkisefni. Á nýjustu plötu Bubba var þó ekki þorskurinn í aðalhlutverki heldur konur.

„Hann hafði mjög skýra sýn á hvað hann vildi gera,“ segir Ingibjörg en lögin fjalla flest um konur og allir hljóðfæraleikarar sem komu að gerð plötunnar voru konur. „Já, þetta var frábær hugmynd,“ bætir Sólrún við og Margrét kinkar kolli. „Það er gott að vekja athygli á kvenkyns hljóðfæraleikurum því þó að margar konur spili á hljóðfæri eru þær ekki mjög sýnilegar. Það að þetta verkefni Bubba hafi vakið svona mikla athygli endurspeglar kannski líka stöðu kvenna í bransanum,“ segir hún.

„Við erum allavega enn á þeim stað þar sem virðist þurfa svona átak til að koma konum á framfæri en vonandi breytist það þannig að þetta verði bara normið,“ segir Ingibjörg og bætir við að hún voni að eftir nokkur ár muni það ekki þykja markvert og tilefni til blaðaviðtals þótt allir hljóðfæraleikarar í hljómsveit séu kvenkyns.

### UNNU PLÖTUNA SAMAN

*Hvernig gekk samstarfið?* „Bubbi er náttúrulega alger reynslubolti í bransanum og gaman að fá að vinna með manni sem hefur sett mark sitt á tónlistarsöguna,“ segir Brynhildur sem er sammála stöllum sínum um að samstarfið hafi gengið afar vel.

„Það var svo næs hvað Bubbi treysti okkur vel. Hann leyfði okkur að gera það sem við vildum,“ segir Ingibjörg og Sólrún bætir við: „Hann var líka opinn fyrir öllum hugmyndum og við fengum að koma með okkar eigið innpútt. Í raun unnum við þetta allt saman. Bubbi kom með textana og hljómana og svo lögðum við út frá því. Svo breyttust lögin heilmikið í ferlinu og þau voru í mótun alveg frá fyrstu æfingu til þeirrar síðustu.“

### SÁTTAR VIÐ NAFNIÐ

***Nafnið Spaðadrottningarnar, hvaðan kemur það?*** Þær skella upp úr. „Bubbi kom bara með þetta,“ upplýsir Brynhildur og Ingibjörg útskýrir: Hann kallaði okkur alltaf Hjartadrottningarnar sínar. Síðan hitti hann á einhverjum tímapunkti konu úti í búð sem sagði við hann að við værum Spaðadrottningarnar og þar með var þetta ákveðið.“

„Við héldum reyndar að hann væri bara að kalla okkur þetta í góðlátlegu gríni en síðan sáum við koverið: Bubbi og Spaðadrottningarnar,“ segir hún brosandi og Brynhildur skýtur hlæjandi inn í: „En það var bara gaman að því.“

Þær segjast alveg vera búnar að taka nafnið í sátt en taka þó fram að líklega yrði það ekki fyrir valinu ef þær fjórar myndu stofna hljómsveit í dag.

„Reyndar hafa margir misskilið þetta og haldið að við værum fullmótuð hljómsveit sem Bubbi fékk til liðs við sig en það er alls ekki þannig. Við þekktumst ekki allar fyrir þetta verkefni,“ segir Brynhildur.



**Margrét Arnardóttir** spilar á harmóníku og lærir í dag djass og klassík við FÍH. Hún stofnaði Húsband Stúdentakjallarans, er meðlimur í Sunnyside Road og balkanbandinu RaKi, og kemur auk þess fram með Prins Póló. Síðasta sumar gaf hún út diskinn Fjólur þar sem Hafþór Ólafsson syngur lög Guðmundar Guðmundssonar. Margrét og Brynhildur Guðjónsdóttir héldu tónleikana „Brynhildur syngur Piaf“ um síðustu jól. Jafnframt sá hún um lifandi tónlist í leikritinu Carroll: Berserkur. Margrét er kennari í Stelpur rokka!

**Brynhildur Oddsdóttir** hefur komið víða við. Hún hefur lært fiðluleik og söng, var orðin útlærð tamningakona þegar hún fór að læra á rafmagnsgítar í FÍH. Árið 2010 stofnaði hún hljómsveitina Beebee and the Bluebirds, þar sem hún syngur og spilar á rafmagnsgítar. Sveitin hefur spilað mikið bæði hér heima og erlendis. Fyrsta plata Beebee and the Bluebirds kom út í október 2014 og í febrúar næstkomandi kemur út smáskífa af nýrri plötu hljómsveitarinnar sem væntanleg er næsta haust.

**Sólrún Mjöll Kjartansdóttir** lærir á trommur á Jazzbraut í FÍH. Árið 2012 vann hún titilinn besti trommari Músíktilrauna sem gerði hana að fyrsta kvenkyns trymblinum í 30 ára sögu keppninnar til þess að vinna titilinn. Sólrún hefur spilað með ýmsum hljómsveitum bæði innan lands og utan en spilar núna með hljómsveitinni Ceasetone. Í mars spilar Ceasetone í fyrsta skipti í Bandaríkjunum á tónlistarhátíðinni South by Southwest í Texas auk annarra tónleika.

**Ingibjörg Elsa Turchi** spilar á píanó, harmóníku, gítar og bassa en hún stundar nú rafbassanám í FÍH. Ingibjörg er meðlimur í nokkrum hljómsveitum á borð við Teit Magnússon, Babies flokkinn, Soffía Björg Band, Boogie Trouble og Ylju. Síðasta sumar var hún hljómsveitarstjóri Höfundur óþekktur. Hún er einnig einn stofnenda og umsjónarkvenna verkefnisins Stelpur rokka! á Íslandi en þar sinnir hún kennslu og skipulagningu.

> Reyndar hafa margir misskilið þetta og haldið að við værum fullmótuð hljómsveit sem Bubbi fékk til liðs við sig en það er alls ekki þannig. Við þekktumst ekki allar fyrir þetta verkefni.
>
> Brynhildur Oddsdóttir

### ÆSKUDRAUMUR RÆTTIST

Margrét harmóníkuleikari kom síðar inn í ferlið en hinar. „Bubbi vildi fá harmóníkuleik í einu laginu og ég sagði full sjálfstrausts að ég gæti gert það,“ segir Ingibjörg en þegar hún sat heima hjá sér að æfa varð henni litið á Margréti, en þær bjuggu saman á þessum tíma. „Þá fattaði ég hið augljósa, enda er Margrét atvinnuharmóníkuleikari,“ segir hún og hlær.

„Bubbi sagði við mig setningu sem mér finnst svo frábær: „Gerðu það sem þitt listræna innsæi segir þér að gera.“ Þetta gekk svona ljómandi vel og á endanum var harmóníkunni bætt við í öll lögin og ég var komin í bandið,“ segir Margrét glaðlega. Hún upplýsir einnig að hún hafi alist upp við lögin hans Bubba. „Það var alltaf fjarlægur draumur hjá mér að fá að spila með honum.“

### TILFINNINGARÍK STUND

Nokkrir tónleikar eru þeim ofarlega í huga eftir útgáfu 18 kvenna. „Það var ótrúleg upplifun að spila með Bubba á Þorláksmessu en við vorum óvænt númer. Við stóðum fyrir aftan tjald og um miðbik tónleikanna féll tjaldið og við byrjuðum að spila fyrir fullum Eldborgarsal. Það var æði,“ segir Ingibjörg og hinar samsinna. „Það var svo frábært að fá að spila gömlu góðu lögin hans Bubba með honum, Rómeó og Júlíu og öll hin. Þetta er alveg greypt í minningabankann,“ segir Margrét.

Ein minnisstæðasta stundin var þó þegar þær spiluðu með Bubba á Litla-Hrauni á aðfangadag. „Við eiginlega heimtuðum að fá að koma með,“ segir Brynhildur og þær sjá ekki eftir því.

„Þetta var mjög sérstök upplifun og tilfinningarík. Maður keyrði hálf klökkur út af Hrauninu á aðfangadag,“ segir Margrét.

### ÚTGÁFUTÓNLEIKAR OG ÚTRÁS

Ýmislegt er fram undan hjá Bubba og Spaðadrottningunum. Hinn 29. janúar spilar bandið á Hlustendaverðlaunum en 18 konur er tilnefnd sem plata ársins. „Þá verða nokkurs konar útgáfutónleikar í Hlégarði 30. janúar en þá spilum við í fyrsta sinn öll lögin af plötunni,“ segir Sólrún.

Síðan er fyrirhuguð pínulítil útrás. „Við spilum í Norðurlandahúsinu í Færeyjum þann 12. febrúar í tilefni af Íslenskum dögum sem þar verða haldnir,“ segir Brynhildur og greinilegt er að þær hlakka til að takast á við þessi spennandi verkefni.

***En hvað með framhaldið, ætlið þið að spila eitthvað meira saman?*** „Við munum örugglega spila eitthvað saman enda hefur myndast fín vinátta á milli okkar. Vonandi spilum við eitthvað með Bubba líka. Erum við ekki nýja Bandið hans Bubba?“ segir Ingibjörg glettin. **solveig@365.is**







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429




## HVAÐA **OPEL ERT ÞÚ?**

# OPEL SÝNING Á LAUGARDAG!

Sumir bílar henta þínum lífsstíl betur en aðrir. Bílabúð Benna heilsar nýju ári með Opel-sýningu í Reykjavík og í Reykjanesbæ. Til sýnis verður rjóminn úr glæsilegri vörulínu Opel; bílar sem neytendur jafnt sem gagnrýnendur hafa hlaðið lofi og viðurkenningum. Komdu og mátaðu Opel gæðin við þig og þína fjölskyldu.

Opel sýning á laugardag frá 12 til 16. Kaffi og léttar veitingar á boðstólum.

Bílabúð Benna
Bein leið í 40 ár

**Kynntu þér Opel úrvalið á opel.is eða á benni.is. Verið velkomin í reynsluakstur.**

**Reykjavík**
**Tangarhöfða 8**
**590 2000**

**Reykjanesbær**
**Njarðarbraut 9**
**420 3330**

**Opið virka daga frá 9 til 18**
**Laugardaga frá 12 til 16**

OPEL

Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði án fyrirvara.

## SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA

Arctic Star




**Arctic star sæbjúgnahylki** innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavik - S: 562-9018 / 898-5618



vodafone HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR

HEFST 31. JANÚAR




FYLGSTU MEÐ FRÁ BYRJUN

ÍSLAND GOT TALENT
**HEFST AFTUR**

Hæfileikafólk stígur á sviðið þegar einn stærsti sjónvarpsviðburður ársins fer í loftið í janúar. **Emmsjé Gauti** er nýr kynnir og **Ágústa Eva**, **Dr. Gunni**, **Jakob Frímann** og **Marta María** mæta fersk til leiks sem dómarar þáttarins. Fylgstu með **Ísland Got Talent** frá byrjun.

365.is | Sími 1817 365





ÞESSI GÖMLU GÓÐU
Á EINUM STAÐ
BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985

GULL BYLGJAN 90,9




Vegglímmiðarnir koma frá Urban Walls og skapa ekta strandstemmingu í herberginu.



Fallegir hlutir og leikföng hanga á vegg fyrir ofan skiptiborðið.



Loftljósið setti Sonja sjálf saman úr OYOY-óróa og viðarkúlum.



Vaggan er handhnýtt af hjónum í Níkaragva. MYNDIR/ERNIR

# KEY WEST ÞEMA

Strendur Flórída rötuðu alla leið upp í Breiðholt þegar Sonja Bent fatahönnuður útbjó barnaherbergi 4 mánaða sonar síns Mána.

**Er eitthvert þema í herberginu?**

„Æska mín var mér mjög ofarlega í huga þegar ég fór að útfæra herbergið hans, en frá níu mánaða aldri var ég með annan fótinn í Key West á Flórída. Bakgarðurinn á húsinu var ströndin. Þetta voru æðislegir tímar. Pabbi að veiða og kafa eftir humri. Mamma og systir mín á fullu að hnýta macrame-blómapotta, hengirúm og alls kyns fíneri og við krakkarnir að leika okkur á ströndinni. Úr varð „Key West Tropical“ þema.“

**Hvað þurfti að gera?**

„Herbergið er inn af okkar svefnherbergi og var lokað af sem fataherbergi. Við þurftum því að taka niður hurð og vegg og opna inn í rýmið, parketleggja og mála.“

**Vaggan hnýtt í Níkaragva**

„Það hvarflaði að mér í smá stund að reyna að útbúa vöggu fyrir hann úr macrame-hnýtingum til að fullkomna þemað en fann síðan æðisleg hjón í Níkaragva sem búa til fallegar vöggur og hengirúm, HangAhammock. Þetta er ótrúlega vönduð og falleg vagga og Máni elskar að vera í henni. Hentar svo vel að hún skuli hanga upp á að geta ruggað honum í svefn. Svo fann ég þessa æðislegu pálmatréslímmiða og fugla sem gefa silúettu af hitabeltislandslagi hjá Urban Walls í Bandaríkjunum sem systir mín ákvað að gefa Mána í herbergið.“

**Skeljasafnið varð að óróa**

„Skeljaóróann bjó ég til úr skeljum sem ég tíndi sem barn í Key West. Ég hef safnað skeljum og steinum allt mitt líf, árátta sem kom sér afar vel í þetta skiptið.“

**Skemmtilegt loftljós**

„Ljósið í loftinu bjó ég til úr OYOY-óróa sem ég keypti hjá Hjarni og tók í sundur. Fékk síðan snúru og íhluti fyrir ljósið og fallega peru í Glóey. Keypti síðan viðarkúlur í Litum og föndri sem ég þræddi upp á snúruna á milli tuskudýranna.“ **heida@365.is**



Sonja Bent fatahönnuður með drenginn sinn, Mána. Æskuár Sonju á Flórída voru henni ofarlega í huga þegar hún innréttaði barnaherbergið.

# LÍFRÆN GÆÐA SÁPA FRÁ DR.BRONNER'S

## EINA SÁPAN SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

- Í hárið
- Í andlitið - fjarlægir farða
- Á allan líkamann
- Í baðið og fótabaðið
- Til raksturs
- Á gæludýrin
- Í þvottavélina
- Í uppþvottinn
- Á gólf, glugga, veggi, flísar og önnur yfirborð
- Í eldhúsþrifin
- Á baðherbergið




ALHLIÐA SÁPA UNNIN ÚR LÍFRÆNUM OLÍUM ÁN ALLRA KEMÍSRA EFNA. HENTAR BÖRNUM, FÓLKI MEÐ VIÐKVÆMA HÚÐ OG ÖLLUM HINUM.

ÞAÐ ER MEIRA AÐ SEGJA HÆGT AÐ TANNBURSTA SIG MEÐ SÁPUNNI, SVO HREIN ER HÚN!

BABY MILD EÐA LAVENDER ER BEST FYRIR BÖRN OG FÓLK MEÐ EXEM EÐA MJÖG VIÐKVÆMA HÚÐ.

NON GMO Project VERIFIED nongmoproject.org · CERTIFIED VEGAN vegan.org · fair for life

ÚTSÖLUSTAÐIR: MAMMA VEIT BEST, MAMMAVEITBEST.IS, HEILSUHÚSIN, LYF OG HEILSA, SYSTRASAMLAGIÐ, URÐARAPÓTEK, APÓTEKARINN, SÁPA.IS OG MAIA





Súperhollt í morgunsárið.



Salatskáliarnar setja skemmtilegan svip á salatið.



Jarðarberin gefa kökunni frísklegt bragð.







# GÓÐ BYRJUN Á ÁRINU

Þriðja þáttaröðin af **Matargleði Evu** hófst á Stöð 2 í gær en í henni býður hún upp á hollar og fljótlegar uppskriftir í bland við rjómalagaðar og aðeins flóknari. Hér fylgja uppskriftir fyrsta þáttar.

Matargleði
Eva Laufey Hermannsdóttir



**SMOOTHIE-SKÁL**

Handfylli spínat
1/2 lárpera
1 dl frosið mangó
1 dl frosin jarðarber
1 msk. chia-fræ
1 banani
1 msk. hnetusmjör
Möndlumjólk, magn eftir smekk

Setjið allt í blandarann í nokkrar mínútur og berið fram í skál með góðum berjum, kókosflögum og chia-fræjum.

**SALAT MEÐ MEXÍKÓSKUM BLÆ**

**Salatskálar**

Tortillahveitikökur
Ólífuolía

Setjið smá ólífuolíu í pott, skál eða form sem þolir að fara inn í ofn. Setjið eina tortillahveitiköku í formið og mótið skál. Bakið við 180°C í 10–15 mínútur eða þar til kakan er orðin stökk.

**Lárperusósa:**

1 lárpera
2 hvítlauksrif
4–5 msk. grískt jógúrt
Safinn úr 1/2 límónu
Skvetta af hunangi
Salt og pipar

Setjið allt í matvinnsluvél eða maukið með töfrasprota, smakkið ykkur gjarnan áfram og kælið í smá stund áður en þið berið sósuna fram með salatinu.

**Salatið:**

800 g kjúklingakjöt, helst kjúklingalæri með skinni
Salt og pipar
1/2 tsk. kumminkrydd
1 tsk. Bezt á allt-krydd
1 askja kirsuberjatómatar
1 laukur
Handfylli kóríander
1 mangó
Ólífuolía
Límónusafi
Gott kál, t.d. lambhagasalat og klettasalat

Steikið kjúklinginn upp úr olíu, kryddið skinnhliðina og steikið á þeirri hlið í tíu mínútur. Kryddið hina hliðina með salti, pipar, kumminkryddi og Bezt á allt-kryddblöndunni. Þegar kjúklingurinn er tilbúinn er gott að setja hann inn í heitan ofn á meðan salatið er útbúið.

Skerið allt grænmetið fremur smátt, blandið salsanu vel saman og bætið saman við lambhagasalatið og klettasalatið í lokin. Fyllið hverja tortillaskál með salati og skerið kjúklinginn í bita og raðið yfir. Setjið væna skeið af lárperusósu yfir og myljið fetaost rétt í lokin yfir allt salatið, osturinn setur punktinn yfir i-ið.

**ÓMÓTSTÆÐILEG JARÐARBERJAOSTAKAKA**

**Botninn:**

250 g hafrakex
150 g smjör, brætt

Bræðið smjör við vægan hita, setjið kexkökurnar í matvinnsluvél og maukið. Hellið smjörinu saman við og hellið síðan í form. Sléttið úr blöndunni með bakhlið á skeið og þrýstið vel. Best er að nota smelluform.

**Ostafyllingin:**

600 g hreinn rjómaostur, við stofuhita
3 msk. flórsykur
200 g hvítt súkkulaði, brætt yfir vatnsbaði
300 ml rjómi
1 tsk. vanilla
1 askja jarðarber

Þeytið rjómaostinn í smá stund, bætið flórsykrinum, rjómanum og vanillu saman við og hrærið. Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði og hellið út í ostablönduna (kælið súkkulaðið aðeins áður) í mjórri bunu. Skerið nokkur jarðarber og blandið saman við í lokin með sleif. Hellið blöndunni ofan á kexbotninn og inn í kæli. Best er að geyma kökuna í kæli yfir nótt en hún er orðin stíf og falleg eftir rúma klukkustund. Skerið niður ber og skreytið kökuna, sigtið smávegis af flórsykri yfir í lokin áður en þið berið kökuna fram.







**JAKKI**
**VERÐ: 26.990**



**PONCHO**
**VERÐ: 7.990**

**KJÓLL**
**VERÐ: 19.490**



# COMMA LEGGUR LÍNURNAR FYRIR VORIÐ

**Comma kynnir** Verslunin COMMA var opnuð í Smáralind í september fyrir rúmu ári. COMMA er með höfuðstöðvar í Þýskalandi og er vinsælasta kvenfataverslunin þar í landi. Útrás COMMA hófst fyrir örfáum árum og er verslunina nú að finna í yfir 25 löndum. Nú þegar er orðið vorlegt um að litast í verslun COMMA á Íslandi.

„COMMA hefur verið vel tekið hér á landi og engin furða enda fatnaðurinn einstaklega kvenlegur, fallegur, fágaður og töff. Sniðin eru klassísk og flíkurnar búnar alls kyns skemmtilegum og útpældum smáatriðum," segir eigandinn Hjördís Sif Bjarnadóttir.

„Þá leggjum við mikið upp úr því að viðskiptavinir upplifi sig velkomna þegar þeir ganga hérna inn. Verslunin er björt og falleg og býður viðskiptavini velkomna. Við erum með reynslumikið starfsfólk sem lætur sig viðskiptavini varða og getur veitt faglega ráðgjöf. Hjá okkur geta viðskiptavinir fengið sér sæti og við bjóðum þeim að taka af sér ef þeir vilja. Eins erum við alltaf með heitt á könnunni og bryddum gjarnan upp á skemmtilegum viðburðum," segir Hjördís en henni þykir gaman að sjá ánægða viðskiptavini ganga út. „Viðráðanlegt verð spillir heldur ekki fyrir en við erum til dæmis með vinsælar buxur á verðbilinu 7.990 til 19.490 krónur," upplýsir Hjördís.

COMMA kemur með nýja tískulínu í hverjum mánuði og hjá COMMA Íslandi eru teknar upp nýjar vörur í hverri viku. „Það er alltaf jafn gaman að taka við nýjum vörum en þær koma allar í takmörkuðu upplagi sem hentar vel í okkar litla samfélagi. Mér finnst líka aðdáunarvert að sjá fjölbreytileikann," segir Hjördís sem er klæðskeramenntuð. „Yfirbragðið er einfalt en alltaf koma ný og ný snið með skemmtilegum smáatriðum."

Í janúarlínunni, sem ber yfirskriftina New Blue, eru að sögn Hjördísar fallegir vorboðar. Hreinir litir eru þar áberandi með fallegum bláum, sand- og fölbleikum blæ. Þá er mikið um falleg prent í bæði kjólum og blússum. Hjördís segir viðskiptavini sækja mikið í COMMA-kjólana og staldra þeir yfirleitt stutt við. „Síðasta sumar sá ég konu í COMMA kjól í hverri veislu á fætur annarri sem gladdi mig mjög. Þá erum við alltaf með vinsælar buxur sem eru háar í mittið og henta flestum konum. Eins hafa ponchoin okkar verið mjög vinsæl en poncho- tískan kom með COMMA til Íslands. Við erum stöðugt að fá nýjar tegundir í ýmsum litum og útfærslum. Fyrir vorið verðum við með munstruð poncho og netaponcho svo fátt eitt sé nefnt.

Hjördís segir sjón sögu ríkari og býður alla hjartanlega velkomna. „Við erum með virka Facebook-síðu Facebook.com/COMMAIceland sem ég hvet alla til að líka við."



> Verslunin er björt og falleg og býður viðskiptavini velkomna. Við erum með reynslumikið starfsfólk sem lætur sig viðskiptavini varða. Fólk getur fengið sér sæti og við bjóðum því að taka af sér. Eins erum við alltaf með heitt á könnunni.
>
> Hjördís Sif Bjarnadóttir

HOLLRÁÐ UM **HEILSU**



## SVEFN ER BESTI VINUR ÞINN

Ónægur svefn, það er sjö tímar eða minna á nóttu, getur leitt af sér þyngdaraukningu.
Rannsókn sem sagt er frá í Annals of Internal Medicine sýndi að mikill munur var á þyngdartapi tveggja hópa sem voru á sama megrunarfæði. Annar svaf reglulega en hinn óreglulega og of lítið. Fyrri hópurinn fann fyrir töluverðu þyngdartapi meðan sá seinni léttist helmingi minna. Að auki greindi fólkið sem fékk of lítinn svefn frá mun meira hungri, mun minni seddu strax eftir máltíð og að auki minni orku til æfinga.
Hér eru nokkrar árangursríkar leiðir til að bæta svefninn:

- Reyndu að vakna og sofna á svipuðum tíma daglega.
- Sofðu í niðamyrkri.
- Deyfðu ljósin heima hjá þér nokkru áður en þú ferð að sofa.
- Ekki skoða netið í símanum þínum eða spjaldtölvunni rétt fyrir svefninn, ljósin hafa hamlandi áhrif á svefn.




## Lífsstíll HELENU



**Helena Sverrisdóttir, körfuknattleiksmaður hjá Haukum, er einn af okkar bestu leikmönnum. Hún hefur sýnt snilli sína í hverjum leiknum á fætur öðrum. Helena er fædd árið 1988 og situr fyrir svörum.**

**1. Hvað hefur þú spilað körfubolta lengi?** Ég byrjaði að æfa með strákum þegar ég var 5 ára og hef æft síðan, eða í 22 ár.

**2. Af hverju valdir þú þessa íþrótt?** Mamma og pabbi voru bæði í körfunni og eldri bróðir minn var að æfa. Ég var alltaf líka í fótbolta en valdi síðan körfubolta því mér fannst það orðið miklu skemmtilegra.

**4. Er körfubolti gott kvennasport?** Held að það sé hollt fyrir allar stelpur að æfa íþróttir sama hvaða íþrótt það er. Körfubolti er mikil liðsíþrótt og því fullkomin fyrir kvenmenn því við elskum að vera í liði og treysta á hver aðra.

**5. Er harður vetur fram undan?** Ég er í fyrsta skipti á Íslandi í um 8 ár og er bara spennt að upplifa veturinn hér. Það er nóg að gera í körfunni þar sem ég er bæði að þjálfa og spila þannig að okkar annað heimili er í íþróttahúsinu.

**6. Hvað gerir þú í frístundum?** Æfi aukalega, hitti vini og fjölskyldu eða nota tímann til að slaka vel á og endurnæra líkamann. Ég elska að ferðast og eyða tíma með unnustanum.

**7. Ertu gaflari?** Já, það er hægt að segja það, uppalinn Hafnfirðingur og líður alltaf mjög vel þar. Ég bý akkúrat núna í Laugardalnum sem er æðislegt en örugglega stutt í að við færum okkur í Hafnarfjörðinn.

**8. Ertu í námi eða vinnu samhliða boltanum?** Er að þjálfa nokkra yngri flokka í Haukunum sem og Afrekssviðið.

**9. Að hverju stefnir þú í framtíðinni?** Ég er nokkuð viss um að körfubolti verður alltaf partur af lífinu, sé fyrir mér að vera þjálfari þegar ég hætti að spila sjálf. Annars er það bara góð heilsa og hamingja sem maður sækist eftir, hlakka til búa til fjölskyldu með manninum mínum og eiga gott líf.

**10. Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Lambalæri er í miklu uppáhaldi.

**12. Áttu kærasta?** Er trúlofuð Finni Atla Magnússyni, og við erum búin að vera saman í um tvö ár. **elin@365.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI



HYUNDAI I30 comfort. Árgerð 2012, ekinn 76 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Rnr.302009. Á staðnum.



HYUNDAI Ix35 panorama. Árgerð 2015, ekinn 38 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.190.000. Rnr.301623. Á staðnum.



HYUNDAI Santa fe 4x4. Árgerð 2005, ekinn 175 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.170.000. Rnr.262727. Á staðnum.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið 10-18. Lau 12-16**
**www.planid.is**

MB bílar



VW Passatl, árg. 2013, ekinn 63 Þ.KM, bensín & metan. sjálfskiptur. Verð 3.090.000.



AUDI A4 allroad quattro. Árgerð 2012, ekinn 93 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.110760.

**MB Bílar**
**Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið 10-18, lau 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

HEIMSBÍLAR



TOYOTA Avensis s/d sol. Árgerð 2005, ekinn 183 Þ.KM, bensín, beinskiptur. snyrtilegur bíll og algerlega óslitinn ásett verð 1.090.000 Tilboðs Verð 890.000. bíllinn er á staðnum Rnr.324014.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

HEIMSBÍLAR



VOLVO S80 2,5i turbo. Árgerð 2006, ekinn 174 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. leður,lúga. Toppeintak með góðri smurbók og þjónustusögu. Verð 2.690.000. skoðar skipti. bíllinn er á staðnum Rnr.337795.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**




ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



VOLVO Xc90. Árgerð 2013, ekinn 43 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.990.000. Rnr.991657.



SKODA Superb ambition 4x4. Árgerð 2013, ekinn 110 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.190.000. Rnr.991613.



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 76 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.290.000. Rnr.240524. 4 ár eftir af verksmiðjuábyrð.



MERCEDES-BENZ CLA 250 4matic. Árgerð 2015, ekinn 4 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 8.790.000. Rnr.991581.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



M.BENZ C 220 cdi. Árgerð 2012, ekinn 51 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.221550. Einn eigandi.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

100bílar.is bílasala



GMC Sierra 3500 SLT HD , 2/2015, ek 14 þús km, mjög flottur bíll, er á staðnum, ásett verð 10590 þús, er á staðnum.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



2012 PAJERO 5,9 M STGR Disel Pajero hlaðinn búnaði ek. 99 þús. 7 manna. S. 8477-663

## 250-499 þús.



**35" DISEL JEPPI - 290 ÞÚS!**
MUSSO 2,9 TURBO DISEL (benz motor) ek.aðeins 170 þús, 35" góð dekk, beinskiptur, loftdæla, kastarar, dráttarkrókur, fínasti jeppi en frambretti eru ljót, ásett verð 500 þús TILBOÐ 290 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955







F&F

# ÚTSALA

# 50-70%

AFSLÁTTUR

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind,
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Föstudagur




Austanátt og víða rigning í dag, en suðlægari og minnkandi úrkoma um kvöldið. Fremur milt veður.

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 2° | 2° |
| ↗12 | ↗13 | ↗24 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 3° | 3° | -1° |
| ↗16 | ↗12 | ↗17 |

### Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 2° | 2° |
| ↑10 | ↖10 | ↖5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 5° | 6° | 1° |
| ↑10 | ↖4 | ↑14 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. heimskaut
6. frá
8. mánuður
9. þjófnaður
11. umhverfis
12. laust bit
14. framvegis
16. tveir eins
17. iðka
18. drulla
20. pfn.
21. könnun

**LÓÐRÉTT**
1. þungi
3. hljóm
4. reiðufé
5. festing
7. þögull
10. gogg
13. útsæði
15. massi
16. missir
19. holskrúfa



**LÁRÉTT:** 2. póll, 6. af, 8. maí, 9. rán, 11. um, 12. glefs, 14. áfram, 16. tt, 17. æfa, 18. aur, 20. ég, 21. próf.
**LÓÐRÉTT:** 1. farg, 3. óm, 4. lausafé, 5. lím, 7. fálátur, 10. nef, 13. fræ, 15. magn, 16. tap, 19. ró.

### Skák Gunnar Björnsson

Hou Yifan (2.673) vann glæsilegan sigur á David Navara (2.730) í fjórðu umferð Tata Steel-mótsins í Wijk aan Zee.

**Hvítur á leik**

**25. Dg4! Hc7** (25. ... Be7 26. Dh3) **26. Dh3 h5 27. exd6 Ha7 28. Be6 Rf6 29. f5 Dxd6 30. Bf4 Dd8 31. Be5 Bg8 32. Dxh5+ Hh7 33. Dg5 De7 34. Rc1 Dg7 35. Dxg7+ Hxg7 36. Rd3 Hg4 37. Rf4 Kh7 38. h3 Hg3 39. Rg6 Hxh3+ 40. Kg2** Glæsilega teflt.

**www.skak.is:** Vignir Vatnar vann Guðmund.



### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | | 6 | | | 8 | |
| | 1 | | 5 | 3 | 2 | 7 | | |
| 9 | | 4 | | | 1 | | | |
| | | 6 | | | | 8 | | |
| 8 | | | | | 5 | | 2 | |
| | 4 | 1 | | 7 | | 9 | 3 | |
| | | | 4 | | 9 | 6 | | 1 |
| | | | | 5 | | 2 | 4 | |
| | 2 | | 8 | | | | 7 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 8 | | | | | | 4 |
| | 2 | 6 | | | | | 5 | |
| 4 | | 5 | | 6 | 8 | | | |
| 5 | | | | | 3 | 2 | | |
| 6 | 8 | | 1 | 2 | | | | |
| | | | 7 | 9 | | | | |
| | | 9 | 3 | | | 4 | 6 | |
| 2 | | | | 8 | 4 | | | 9 |
| | | | 9 | | | 8 | 7 | 1 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 2 | |
| 7 | 5 | | | 6 | | | 3 | 9 |
| | | 4 | | 9 | | | 6 | |
| 2 | 4 | 8 | 3 | | | | | 1 |
| 5 | | | 6 | 4 | 7 | | | 8 |
| | | | | | | 4 | | |
| | | 5 | | 8 | 6 | | | 2 |
| | | | 2 | | | | 1 | |
| | | 3 | 9 | | | | | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 7 | 4 | 2 | 9 | 6 | 5 | 3 |
| 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 | 9 | 8 | 4 |
| 9 | 4 | 5 | 8 | 3 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 4 | 3 | 1 | 9 | 6 | 8 | 5 | 7 | 2 |
| 7 | 5 | 6 | 1 | 4 | 2 | 8 | 3 | 9 |
| 2 | 9 | 8 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 | 1 |
| 5 | 1 | 3 | 2 | 8 | 4 | 7 | 9 | 6 |
| 6 | 2 | 9 | 7 | 1 | 5 | 3 | 4 | 8 |
| 8 | 7 | 4 | 6 | 9 | 3 | 2 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 7 | 8 | 3 | 5 | 9 | 4 | 6 | 1 |
| 3 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 5 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 9 | 2 | 6 | 7 | 3 | 5 | 1 | 4 | 8 |
| 7 | 8 | 1 | 9 | 4 | 6 | 2 | 3 | 5 |
| 5 | 3 | 4 | 1 | 8 | 2 | 6 | 9 | 7 |
| 6 | 4 | 2 | 5 | 9 | 7 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 5 | 7 | 6 | 1 | 3 | 9 | 2 | 4 |
| 1 | 9 | 3 | 8 | 2 | 4 | 7 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 9 | 4 | 6 | 1 | 7 | 2 | 3 | 8 |
| 1 | 2 | 7 | 9 | 8 | 3 | 4 | 6 | 5 |
| 6 | 8 | 3 | 2 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 |
| 7 | 1 | 6 | 8 | 5 | 9 | 3 | 2 | 4 |
| 8 | 3 | 5 | 7 | 2 | 4 | 9 | 1 | 6 |
| 9 | 4 | 2 | 1 | 3 | 6 | 5 | 8 | 7 |
| 2 | 5 | 8 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 9 |
| 3 | 7 | 9 | 4 | 6 | 8 | 1 | 5 | 2 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 9 | 2 | 8 | 7 | 3 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

**Dró sig úr sviðsljósinu**
Tíu ár eru frá því að **Unnur Birna Vilhjálmsdóttir** var valin Ungfrú heimur. Hún ræðir lífið eftir keppnina og stimpilinn sem fylgdi titlinum.



**Eldheit umræða**
Listamannalaun hafa verið mikið í umræðunni og sitt sýnist hverjum. Kostir og ókostir eru reifaðir.

**Fóta sig í nýju landi**
Sýrlenskt flóttafólk kom til Íslands í vikunni. Margt á það að baki áralanga ótrygga og erfiða dvöl í Líbanon.

**Besti borgarinn?**
Álitsgjafar Fréttablaðsins velja besta hamborgarann í borginni.



# herramanns Þorramatur

*Í Iceland færðu allan þann þorramat sem hugurinn girnist á frábæru verði*




OPIÐ 24 TÍMA

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**
**ICELAND, ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA**

**Iceland**

# VERÐLÆKKUN VEGNA TOLLABREYTINGA

**249** kr. parið

**Barnasokkar**
Stærðir 23-34
**Verð áður 295 kr.**

**998** kr. 1 kg

**Gríms Plokkfiskur**
1 kg

## NÝ UPPSKRIFT

**198** kr. stk.

**Bónus Rúgbrauðskubbur**
400 g

## NÝTT Í BÓNUS

## ATTRALUX
LED LJÓSAPERUR

**598** kr. stk.
**Attralux Ljósapera**
LED, E27, 40W.

**598** kr. stk.
**Attralux Ljósapera**
LED, E27, 60W.

**459** kr. stk.
**Attralux Ljósapera**
LED, E14, 25W.

**459** kr. stk.
**Attralux Ljósapera**
LED, E14, 25W.

**698** kr. stk.
**Attralux Ljósapera**
LED, G5,3, 35W.

**498** kr. stk.
**Attralux Ljósapera**
LED, G10, 35W.

## NÝBAKAÐ!

**109** kr. 5 stk.
**Bónus Flatkökur**
5 stk.

**259** kr. 4 stk.
**Bónus Kringlur**
4 stk.

## ÝMISLEGT FYRIR BÍLINN Í BÓNUS

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

**498** kr. 5 l
**Rúðuvökvi**
Frostþol -9°C, 5 l

**598** kr. 1 l
**Tjöruhreinsir**
1 lítri

**398** kr. 2,5 l
**Rúðuvökvi**
Frostþol -18°C, 2,5 l



Verð í þessari auglýsingu gilda til og með **24. janúar** a.m.k.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**1.298** kr. stk.

**Bónus Súkkulaðikaka**, 1000 g



**1.398** kr. 10 stk.

**Túlípanar,** 10 stk.

## GLEÐILEGAN BÓNDADAG!




**1.598** kr. 500 g

**Bláber,** fersk, 500 g




**195** kr. stk.

**Euro Shopper Þeytirjómi,** 250 g




**798** kr. 400 g

**Calinda Jarðarber,** fersk, 400 g




**1.498** kr. kg

**Bónus Grísalundir**
Ferskar




**1.098** kr. kg

**Bónus Grísakótilettur**
Ferskar




**798** kr. kg

**Bónus Grísahakk**
Ferskt




**1.379** kr. kg

**Bónus Beikon**




**598** kr. kg

**Ali Grísabógur**
Ferskur




**1.398** kr. 700 g

**Rose Kjúklingalæri**
Úrbeinuð, frosin, 700 g

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

# Lífsnauðsynlegt öndunarop fyrir mannkynið

**Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna voru afhent í gær við hátíðlega athöfn í Höfða og verðlaunahafar í flokkunum þremur eru allar með bók í smíðum þó svo mislangt sé í útgáfu næstu verka.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is
Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Verðlaunahafar Fjöruverðlaunanna, bókmenntaverðlauna kvenna, tóku við viðurkenningum sínum við hátíðlega athöfn í Höfða í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tíu ár eru síðan Fjöruverðlaunin voru afhent í fyrsta sinn en að vanda eru veitt verðlaun í þremur flokkum; fagurbókmenntum, barna- og unglingabókmenntum og flokki fræðibóka og rita almenns eðlis.

Verðlaunaverkið í flokki fagurbókmennta hefur ekki farið hátt en þar er á ferðinni nóvellan Tvöfalt gler, eftir Halldóru Thoroddsen, sem kom út í tímaritaröðinni 1005 á síðasta ári. Halldóra segir að það standi þó fyrir dyrum útgáfa á bókinni á allra næstu dögum. „Ég var búin að ákveða að gefa bókina út áður en ég frétti af þessum verðlaunum. Bókaforlagið Sæmundur á Suðurlandsundirlendinu ætlar að gera það og vonandi geta lesendur nálgast þá útgáfu strax í næstu viku."

Tvöfalt gler segir frá konu á áttræðisaldri sem hefur nýlega misst eiginmann sinn en lendir óvænt í ástarsambandi og stendur frammi fyrir spurningunni um réttmæti þess að verða ástfangin á efri árum. Dómnefnd Fjöruveðlaunanna fer afar lofsamlegum orðum um verkið og Halldóra segir að þessi viðurkenning hvetji hana vissulega til dáða. „Nú erum við konurnar mættar til leiks, kvennaliðið í bókmenntum. Þessi verðlaun hafa vissulega verið eflandi fyrir konur og það er gaman að fylla þennan flokk í umheiminum. Það mætti segja mér að kvennaverðlaun í bókmenntaheiminum, sem eru veitt víða um lönd, séu að greiða götu kvenna. En maður bara heldur með bókmenntunum og við konur viljum að sjálfsögðu taka þátt í þessu samtali sem byggt hefur verið upp í gegnum bókmenntir í áranna rás. Bókmenntirnar eru lífsnauðsynlegt öndunarop fyrir mannkyn og þetta hlýtur að vera samtal sem við tökum líka þátt í."

**EN MAÐUR BARA HELDUR MEÐ BÓKMENNTUNUM OG VIÐ KONUR VILJUM AÐ SJÁLFSÖGÐU TAKA ÞÁTT Í ÞESSU SAMTALI SEM BYGGT HEFUR VERIÐ UPP Í GEGNUM BÓKMENNTIR Í ÁRANNA RÁS.**

**EN ÞÓ AÐ SAGAN LÝSI ÓHUGNAÐI OG BLÓÐUGU OFBELDI ER MIKILL HÚMOR Í HENNI OG ÞVÍ UM LEIÐ LÍKA STÓRSKEMMTILEG**

### Þakklát og hrærð

„Ég er afskaplega þakklát og hrærð. Mér finnst Fjöruverðlaunin mikil viðurkenning," segir Þórunn Sigurðardóttir, en bók hennar Heiður og huggun – Erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld, hlaut verðlaunin í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis. Útgefandi er Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

„Bókin mín byggist á rannsókn sem ég lagði fram til doktorsvarnar árið 2014. Hún fjallar um íslensk kvæði sem hafa varðveist í handritum en aldrei verið prentuð fyrr en þau birtust í þessari bók minni, bæði stafrétt og með nútíma stafsetningu. Í viðauka er ég líka með skrá yfir kvæði af þessu tagi sem eru varðveitt í 17. og 18. aldar handritum."

Þórunn segir það hafa komist í tísku upp úr siðaskiptum að yrkja tækifæriskvæði og sú tíska hafi borist hingað frá Þýskalandi og Danmörku. „Í erfiljóðum er verið að fjalla um hinn látna, svipað og í minningargreinum hjá okkur en í harmljóðum talar ljóðmælandinn um sína eigin sorg og í kvæðunum fer eiginlega fram eins konar sorgarferli," útskýrir hún.

Þórunn er sjálfstætt starfandi fræðimaður og kveðst ýmist vinna heima hjá sér eða á söfnum. Núna við að rannsaka rit með siða- og hegðunarreglum handa ungum stúlkum sem var þýtt fyrst snemma á 17. öld og er bara til í handritum. „Þar er mjög margt sniðugt og spennandi," segir hún glaðlega. „En ég á ekki von á að það komi út í bók fyrr en á næsta ári."

### Í samkeppni við góða vinkonu

„Það er mikill heiður að taka við Fjöruverðlaunum," segir Hildur Knútsdóttir. Bók hennar Vetrarfrí sem Forlagið gaf út hlaut verðlaunin í flokki barna- og unglingabókmennta. „Ég var hissa þegar ég fékk fréttirnar, enda var ég í samkeppni við góða rithöfunda sem tilnefndir voru, þar á meðal Þórdísi Gísladóttur sem er góð vinkona mín. En ég hefði samglaðst henni ef hún hefði verið í mínum sporum og vona að hún jafni sig á því að ég hafi orðið hlutskarpari. Við erum líka að skrifa bók saman," segir Hildur glaðlega.

Í umsögn dómnefndar segir að Vetrarfrí sé spennandi unglingabók með sterka samsvörun til nútímans og heimsmálanna og er þar meðal annars vísað til lífs flóttamanna. „En þó að sagan lýsi óhugnaði og blóðugu ofbeldi er mikill húmor í henni og því um leið líka stórskemmtileg."

Spurð hvort von sé á framhaldi á Vetrarfríi stendur ekki á svari: „Ég er langt komin með það, sá fyrir endann á því verkefni í síðustu viku en á samt eftir að fara vel yfir og endurskrifa. Ákvað að gefa ekki út fyrri hlutann fyrr en ég væri langt komin með þann seinni, ef eitthvað kæmi upp á. Það er ekki gott að láta of langan tíma líða milli svona bóka en ég býst við að framhaldið komi út í haust."

Hildur er í hlutastarfi hjá Náttúruverndarsamtökum Íslands og var að fá ritlaun í sex mánuði. Hún kveðst vera með mörg járn í eldinum og hafa nóg að gera."



# LAGERÚTSALA

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

22.-24. JANÚAR AÐ NORÐLINGABRAUT 12

KOMDU OG GERÐU BESTU KAUPIN Á BÓKUM!

DVD BARNABÆKUR SÖGUBÆKUR SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR HANDAVINNUBÆKUR MATREIÐSLUBÆKUR FRÆÐIBÆKUR o.fl.




Opnunartími
Föstudag 15-18
Laugardag 11-17
Sunnudag 12-17

SAMFILM Salka Ugla sögur útgáfa BÓKAFÉLAGIÐ edda

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

LEONARDO DiCAPRIO TOM HARDY
12 ÓSKARS TILNEFNINGAR
m.a. BESTA MYND, BESTI LEIKSTJÓRI, BESTI LEIKARI OG BESTI LEIKARI Í AUKAHLUTVERKI
GOLDEN GLOBE VERÐLAUN
THE REVENANT

FRANSKA KVIKMYNDAHÁTÍÐIN 2016
10 GÆÐAMYNDIR Á 14 DÖGUM
Í HÁSKÓLABÍÓI 15. TIL 28. JANÚAR

Fleiri myndir í sýningu á emidi.is

RIDE ALONG 2
THE 5TH WAVE
NONNI NORÐURSINS

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

THE REVENANT
RIDE ALONG 2
TILBOÐ KL 3:50
NONNI NORÐURSINS
THE HATEFUL EIGHT
TILBOÐ KL 3:50
SISTERS

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE REVENANT | 5:50, 9 |
| RIDE ALONG 2 | 5:50, 8, 10:30 |
| NONNI NORÐURSINS | 3:50 ÍSL.TAL |
| THE HATEFUL EIGHT | 10:10 |
| SISTERS | 5:30, 8 |
| SMÁFÓLKIÐ | 3:50 ÍSL. TAL |

SAMBÍÓIN

ÓSKARSTILNEFNING
Besti leikari í aukahlutverki- Sylvester Stallone
CREED
THE NEW YORKER TIME
Sylvester Stallone hlaut Golden Globe verðlaunin

5 ÓSKARSTILNEFNINGAR
m.a. Besta myndin
Besti leikari í aukahlutverki - Christian Bale
Besti leikstjóri - Adam McKay
BRAD PITT RYAN GOSLING STEVE CARELL CHRISTIAN BALE
CHICAGO SUN-TIMES NEW YORK TIMES
THE BIG SHORT

5 ÓSKARSTILNEFNINGAR
Þökkum frábærar viðtökur
Yfir 79.000 manns
STAR WARS THE FORCE AWAKENS

Úbbs! Nói er farinn
Frábær teiknimynd fyrir alla fjölskylduna
Sýnd með íslensku tali

DADDY'S HOME

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| CREED | KL. 6 - 8 - 9 - 10:45 |
| CREED VIP | KL. 8 - 10:45 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSL TAL | KL. 4 - 5 - 6 |
| DADDY'S HOME | KL. 8 - 10:10 |
| POINT BREAK | KL. 10:10 |
| STAR WARS 3D | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| STAR WARS 2D | KL. 7 |
| STAR WARS 2D VIP | KL. 5 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| CREED | KL. 8 - 10:10 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSL TAL | KL. 6 |
| THE BIG SHORT | KL. 8 - 10:45 |
| DADDY'S HOME | KL. 8 |
| STAR WARS 3D | KL. 5:15 - 10:30 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| CREED | KL. 5:10 - 8 - 10:40 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSL TAL | KL. 5:10 |
| THE BIG SHORT | KL. 8 - 10:40 |
| DADDY'S HOME | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| POINT BREAK | KL. 10:45 |
| STAR WARS 2D | KL. 5:10 - 8 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| CREED | KL. 8 - 10:10 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSL TAL | KL. 6 |
| NONNI NORÐURSINS ÍSL TAL | KL. 6 |
| RIDE ALONG 2 | KL. 10:40 |
| DADDY'S HOME | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| CREED | KL. 8 - 10:45 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSL TAL | KL. 5:50 |
| DADDY'S HOME | KL. 5:50 - 8 |
| STAR WARS 2D | KL. 10:10 |

# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

## FÖSTUDAGUR 22. JANÚAR

### Tónlist

**Hvað?** Tikk Tikk Búmm!
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Bjarni Snæbjörnsson og Sigga Eyrún hafa troðið upp sem Viggó og Víóletta víðs vegar um landið síðan 2008.
Þau hafa nú ákveðið að koma út úr skápnum saman sem þau sjálf og syngja uppáhaldslögin sín úr gamansöngleikjum. Miðaverð 2.000 krónur.

**Hvað?** Dj Elvar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bravó
Dj Elvar úr RVK Soundsystem þeytir skífum á Bravó í kvöld.

**Hvað?** Djs Sunsura
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið
Plötusnúðatvíeykið Sunsura þeytir skífum á Prikinu í kvöld.

**Hvað?** Trúbadorarnir Siggi Þ og Biggi
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** English Pub
Trúbadorarnir Siggi Þ og Biggi slá á létta strengi á American Bar í kvöld.

**Hvað?** Jón og Ævar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Tíu dropar
Jón og Ævar leika djass á kaffihúsinu Tíu dropum í kvöld.

**Hvað?** DIMMA
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Gamla bíó
Þungarokkssveitin DIMMA mun halda þungarokksveislu í Gamla bíói. Sérstakir gestir verða brennheitu brjálæðingarnir í Kontinuum en einnig mun Dj Kiddi Rokk leika þungar perlur rokksögunnar á milli atriða. Miðaverð 2.900 krónur.

**Hvað?** The Vintage Caravan
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn
Hljómsveitin The Vintage Caravan hefur verið á ferð og flugi um Evrópu undanfarin tvö ár og kemur fram á Græna hattinum áður en hún heldur aftur út í tónleikaferð. Miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Þrír á Dillon
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Dillon
Hljómsveitin Þrír efnir til tónleika á Dillon í kvöld. Miðaverð er 1.000 krónur.



**Pétur Jóhann verður með uppistandið Pétur Jóhann – Óheflaður í Tjarnarbíói í kvöld.**

**Hvað?** Dj Introbeats og dj Yamaho
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kaffibarinn
Dj Introbeats og dj Yamaho halda uppi stemningunni á Kaffibarnum í kvöld.

**Hvað?** Dj Óli Dóri
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** BarAnanas
Dj Óli Dóri þeytir skífum á BarAnanas í kvöld.

**Hvað?** Nolo dj sett
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Stofan
Ívar Björnsson og Jón Gabríel Lorange eða Nolo verða á Stofunni í kvöld.

**Hvað?** Dj Styrmir Dansson
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Húrra
Dj Styrmir Dansson heldur uppi stemningunni á Húrra í kvöld.

**Hvað?** Casio Fatso tónleikar
**Hvenær?** 22.30
**Hvar?** Bar 11
Ókeypis aðgangur. Allir velkomnir.

### Fundir

**Hvað?** Fyrirlestur um breytt neyslumynstur fíkniefna í heiminum
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Læknagarður
Dr. Adam R. Winstock MD MRCP MRCPsych FAChAM, stofnandi og stjórnandi Global Drug Survey, geðlæknir og sérfræðingur í fíkniefnum, heldur fyrirlestur um rannsóknir sínar á breyttu neyslumynstri fíkniefna í heiminum. Fyrirlesturinn fer fram á ensku í stofu 343.

**Hvað?** Fyrirlestur með Jan Garup ljósmyndara
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Blaðamannafélag Íslands
Jan Grarup er danskur heimilda- og fréttaljósmyndari. Hann hefur starfað við fagið í um 25 ár í Danmörku og víðar, meðal annars á Politiken og fyrir umboðsskrifstofuna NOOR og starfar nú fyrir þýsku umboðsskrifstofuna Laif, ásamt því að vinna að heimildarverkefnum víðs vegar um heiminn.

**Hvað?** Flóttamannavandinn í Evrópu
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskóli Íslands
Á þessum fundi mun Hugo Brady ræða um viðbrögð Evrópu við flóttamannavandanum. Þrátt fyrir réttmæta gagnrýni hafa aðildarríkin, þegar á heildina er litið, staðið sig ágætlega í þessari aðkallandi krísu sem í raun á sér enga hliðstæðu. Fundarstjóri Arndís Anna K. Gunnarsdóttir, talsmaður hælisleitenda hjá Rauða krossinum.



**Hljómsveitin Þrír spilar á Dillon í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Uppákomur

**Hvað?** Óvinir – Ljóðahátíð í Reykjavík
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó
Óvinir er framsækið samstarfsverkefni ljóðskálda sem vinna saman í pörum við gerð nýrra verka til upplestrar í London og Reykjavík. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Frami
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Frami er nýtt verk eftir Björn Leó Brynjarsson í uppsetningu sviðslistahópsins TAKATAKA. Verkið fjallar um þrá listamanns eftir velgengni í nútímasamfélagi og baráttu hans við sjálfan sig. Miðaverð 2.900 krónur.

**Hvað?** Fljúgandi furðuhlutir og geimverur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Lífspekifélagið, Ingólfsstræti 22
Birgir Bjarnason heldur fyrirlestur um fljúgandi furðuhluti og geimverur, Blekkingar eða veruleiki. Farið yfir nokkrar frásagnir, sýndar ljósmyndir og kvikmyndabútar. Líkindi rækilega könnuð og kynnt.

### Sýningar

**Hvað?** Mið-Ísland
**Hvenær?** 20.00 og 22.30
**Hvar?** Þjóðleikhúskjallarinn
Uppistandssýning uppistandshópsins Mið-Íslands en síðastliðin þrjú ár hafa meira en 180 sýningar farið fram og stígur hópurinn nú fram með nýtt og brakandi ferskt uppistand. Miðaverð er 3.500 krónur.

**Hvað?** Pétur Jóhann – Óheflaður
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Uppistandssýningin Pétur Jóhann – Óheflaður fer fram í Tjarnarbíói í kvöld. Miðaverð er 3.500 krónur.



**Dj Yamaho þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld.**

THE ROOM
BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Marguerite ........... 17:30, 22:30
Youth ........................ 18:00
Joy ............................ 17:45
The Room ................. 20:00
A Perfect Day .............. 20:00
Magic in the Moonlight .. 22:30
Rams / Hrútar ENG SUB ....... 22:00

JENNIFER LAWRENCE ROBERT DE NIRO BRADLEY COOPER
JOY

NÚ EINNIG
Í KRINGLUNNI

# OUTLET

**TAX FREE DAGAR**

## ALLAR OUTLET VÖRUR ÁN VIRÐISAUKASKATTS*

## 4.000 VÖRUR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## DAGANA 20.-24. JANÚAR.

## HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM, SMÁRALIND OG KRINGLUNNI

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**2 | 19:25**
**BOMBAN**
Logi Bergmann stjórnar frábærum og stórskemmtilegum spurningaþætti þar sem hann etur saman tveimur skemmtilegum liðum. Í þessum þætti keppa þeir Emmsjé Gauti og Heiðar í Diktu á móti þeim Kötlu Margréti og Atla Fannari hjá Nútímanum.

SKEMMTILEGT
FÖSTUDAGSKVÖLD!
Fáðu þér áskrift á 365.is
365



TVÖFALDUR ÞÁTTUR!

**2 | 20:15**
**AMERICAN IDOL**
Stórskemmtilegir og sívinsælir þættir þar sem allir sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn á heimsvísu. Draumasveitin frá því í fyrra situr enn í hásætinu en í henni eru Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr. Kynnir er Ryan Seacrest

**2 | 22:25**
**THE X-FILES**
Dramatísk spennumynd með David Duchovny og Gillian Anderson sem leika alríkislögregluparið fræga Mulder og Scully.



**b | 22:00**
**THE HOBBIT: THE BATTLE OF THE FIVE ARMIES**
Þessi frábæra ævintýramynd frá 2014 er þriðja og jafnframt sú síðasta í röðinni um þá Bilbó Bagga, Þorin Eikinskjalda og dvergana þrettán.



**3 | 22:15**
**FIRST DATES**
Frábærir þættir þar sem fylgst er með stefnumótum nokkurra einstaklinga í hverjum þætti.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.10** The Middle
**08.30** Grand Designs
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Hart of Dixie
**10.55** Bad Teacher
**11.20** Guys with Kids
**11.40** Modern Family
**12.05** Eldhúsið hans Eyþórs
**12.35** Nágrannar
**13.00** What to Expect When You Are Expecting
**14.55** The Prince and Me 3: A Royal Honeymoon
**16.30** Batman. The Brave and the Bold
**16.50** Community 3
**17.15** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** The Simpsons
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland Today Jón Gnarr fer á sinn einstaka hátt yfir málefni vikunnar.
**19.25** Bomban
**20.15** American Idol
**21.00** American Idol
**22.30** The X-Files
**00.30** Six Bullets Hasarmynd með Jean-Claude Van Damme í aðalhlutverki og fjallar um bardagalistamanninn Andrew Fayden sem er á ferðalagi í Austur-Evrópuríki ásamt eiginkonu sinni og dóttur, og gistir á hóteli. Hann er ekki fyrr kominn þangað en dóttur hans er rænt af glæpamönnum sem stunda mansal á ungum stúlkum. Í örvæntingu sinni leitar Andrew á náðir fyrrverandi málaliðans Samsons Gaul sem er einmitt þekktur fyrir að finna börn sem rænt hefur verið og bjarga þeim. Svo fer að Samson ákveður að taka að sér málið og þar með er hafin hörkuspennandi atburðarás.
**02.25** The Fisher King
**04.40** What to Expect When You Are Expecting

## SPORT

**11.20** Denver Broncos - Pittsburgh Steelers
**13.50** Udinese - Juventus
**15.25** Ítölsku mörkin
**15.45** Spænsku mörkin
**16.05** Meistarad. í hestaíþróttum
**17.00** Snæfell - Höttur
**18.30** La Liga Report
**19.00** Keflavík - Njarðvík BEINT
**21.05** Shaqtin a Fool. Finale
**21.30** NFL Gameday
**22.00** Körfuboltakvöld
**23.45** Strength in Numbers - GS Warriors Champions Movie
**01.00** Toronto - Miami BEINT

## SPORT 2

**11.50** Premier League World
**12.20** Chelsea - Everton
**14.05** Messan
**15.10** Newcastle - West Ham
**16.55** Swansea - Watford
**18.35** Football League Show
**19.05** Liverpool - Man. Utd.
**20.45** PL Match Pack
**21.15** Premier League Preview
**21.45** Stoke - Arsenal
**23.25** Tottenham - Sunderland

## GOLFSTÖÐIN

**09.05** PGA Tour - Highlights
**10.00** European Tour
**13.00** PGA Tour
**17.00** European Tour
**20.00** PGA Tour

## STÖÐ 3

**18.25** Ravenswood
**19.10** Guys with Kids
**19.30** Comedians
**19.55** Suburgatory
**20.20** Lip Sync Battle
**20.45** NCIS Los Angeles
**21.30** Justified
**22.15** First Dates
**23.05** Supernatural
**23.50** Sons of Anarchy
**00.45** Comedians
**01.10** Suburgatory
**01.30** Lip Sync Battle
**01.55** NCIS Los Angeles
**02.35** Justified
**03.15** First Dates
**04.05** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Könnuðurinn Dóra
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.45** Gulla og grænjaxlarnir
**07.55** Tommi og Jenni
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Rasmus Klumpur og félagar
**08.55** UKI
**09.00** Ævintýri Tinna
**09.23** Lína Langsokkur
**09.48** Hvellur keppnisbíll
**10.00** Ofurhundurinn Krypto
**10.25** Ljóti andarunginn og ég
**10.47** Ævintýraferðin
**11.00** Könnuðurinn Dóra
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.45** Gulla og grænjaxlarnir
**11.55** Tommi og Jenni
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Rasmus Klumpur og félagar
**12.55** UKI
**13.00** Ævintýri Tinna
**13.23** Lína Langsokkur
**13.48** Hvellur keppnisbíll
**14.00** Ofurhundurinn Krypto
**14.24** Ljóti andarunginn og ég
**14.46** Ævintýraferðin
**15.00** Könnuðurinn Dóra
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.45** Gulla og grænjaxlarnir
**15.55** Tommi og Jenni
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Rasmus Klumpur og félagar
**16.55** UKI
**17.00** Ævintýri Tinna
**17.23** Lína Langsokkur
**17.48** Hvellur keppnisbíll
**18.00** Ofurhundurinn Krypto
**18.24** Ljóti andarunginn og ég
**18.46** Ævintýraferðin
**19.00** Pláneta 51

## GULLSTÖÐIN

**19.00** The Big Bang Theory
**19.25** Friends
**19.45** New Girl
**20.10** Modern Family
**20.35** Hlemmavídeó
**21.00** It's Always Sunny in Philadelphia
**21.25** Hostages
**22.10** The Glades
**22.55** The Mentalist
**23.35** Mr. Selfridge
**00.20** Hlemmavídeó
**00.45** It's Always Sunny in Philadelphia
**01.10** Hostages
**01.50** The Glades
**02.35** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.00** When the Game Stands Tall
**12.55** Austin Powers: The Spy Who Shagged Me
**14.30** Annie
**16.30** When the Game Stands Tall
**18.25** Austin Powers: The Spy Who Shagged Me Ofurnjósnarinn Austin Powers er mættur aftur á svæðið. Dr. Evil ferðast með tímavél til ársins 1969 og hyggst stöðva Austin Powers í eitt skipti fyrir öll með því að stela kynorku hans. Austin þarf að fara aftur í tímann til að endurheimta kynorkuna og nýtur dyggrar aðstoðar kynbombunnar Felicity Shagwell.
**20.00** Annie
**22.00** The Hobbit: The Battle of the Five Armies
**00.25** Haywire Njósna- og spennutryllir af bestu gerð með hinni mögnuðu Ginu Carano (fyrrum meistari í blönduðum bardagalistum MMA) í aðalhlutverki ásamt þeim Ewan McGregor, Michael Douglas, Antonio Banderas, Bill Paxton, Channing Tatum og Michael Fassbender í öðrum stórum hlutverkum. Myndin segir frá málaliðanum Mallroy Kane (Gina Carano) sem vinnur að verkefnum sem yfirvöld vilja láta framkvæma en geta ekki heimilað og loka þess í stað augunum fyrir. Eftir mikilvægt verkefni í Barcelona er Mallory send til Dublin en kemst von bráðar að því að hún hefur verið svikin.
**02.00** A History of Violence
**03.35** The Hobbit: The Battle of the Five Armies

## RÚV

**16.55** Táknmálsfréttir
**17.05** Þýskaland - Ungverjaland Bein útsending
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
**20.00** Útsvar Bein útsending
**21.15** Nicolas le Floch
**23.00** Birthday Girl
**00.30** Junebug
**02.15** Víkingarnir
**03.00** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Design Star
**09.45** Minute to Win It
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**13.00** King of Queens
**13.25** Dr. Phil
**14.05** America's Funniest Home Videos
**14.30** The Biggest Loser - Ísland
**15.55** Jennifer Falls
**16.20** Reign
**17.05** Philly
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Late Late Show
**19.50** America's Funniest Home Videos
**20.15** The Voice
**21.45** The Voice
**22.30** The Tonight Show
**23.10** Rookie Blue
**23.55** Nurse Jackie
**00.25** Californication
**00.55** Ray Donovan
**01.40** State of Affairs
**02.25** Hannibal
**03.10** The Tonight Show
**03.50** The Late Late Show
**04.30** The Late Late Show
**05.10** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ÞORRINN ER KOMINN Í NÓATÚN

**Við gerum tilboð fyrir stærri þorrablót (40 manns eða fleiri)**
**Nánari upplýsingar á www.noatun.is**






**10% afsláttur**

Íslensk nautalund
**7289** kr./kg
~~8179~~ kr./kg



**22% afsláttur**

Lambafile með fituröndu
**3999** kr./kg
~~5129~~ kr./kg

**25% afsláttur**

Tuborg Grön léttöl, 0,5 l
**119** kr./stk.
~~159~~ kr./stk.



Rófustappa
**898** kr./kg



Soðin svið
**1139** kr./kg



Fjölskyldu-þorrabakki
**3899** kr./bakkinn

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

**Veldu réttu þorrabitana í glæsilegu kjötborði Nóatúns**

Við gerum meira fyrir þig

**NÓATÚN**
Austurveri

Alla daga 8-20

# Skálmöld spilar á skemmtiferðaskipi

Hljómsveitin Skálmöld fékk á dögunum afhentar gullplötur og platínumplötu en allar plötur sveitarinnar eru komnar í gull. Sveitin spilar á þungarokkshátíð um borð í skemmtiferðaskipi í Karíbahafinu í byrjun næsta mánaðar.



Gunnar Leó Pálsson
gunnarleo@frettabladid.is

Hljómsveitin Skálmöld fékk á dögunum afhenta platínuplötu fyrir plötuna Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands sem kom út árið 2013 en plata kemst í platínu ef hún selst í 7.000 eintökum. Á sama tíma fékk sveitin afhentar gullplötur fyrir plöturnar Baldur sem kom út árið 2010 og plötuna Með vættum sem kom út 2014 en gullplata fæst fyrir að selja 3.500 eintök. Það þýðir að allar plötur sveitarinnar eru komnar í gull. „Við fórum að grennslast fyrir um þetta fyrir jólin og kíktum á sölutölurnar og komumst að því að plöturnar eru allar komnar í gull og Sinfó í platínu. Við vorum að fá þetta rammað inn fyrir skömmu. Það er ótrúlega gaman að fá svona, þetta er frábær viðurkenning fyrir það sem maður hefur verið að sýsla undanfarin ár. Við eigum núna gull fyrir Sinfó, Börn Loka og Baldur fyrir sölu yfir 5.000, gull fyrir Með vættum fyrir sölu yfir 3.500 og platínu fyrir Sinfó fyrir sölu yfir 7.000,“ segir Björgvin Sigurðsson, aðalsöngvari Skálmaldar og einn af gítarleikurum sveitarinnar.



Björgvin Sigurðsson, aðalsöngvari Skálmaldar og einn af gítarleikurum sveitarinnar, er hér alsæll með plöturnar. MYND/HEIÐAR KRISTJÁNSSON

### Átti bara að vera saumaklúbbur

Hann segir sveitina þó ekki vera að mala gull þó að hún sé komin með gullplötur fyrir allar plöturnar. „Mann óraði ekki fyrir þessu þegar við byrjuðum í þessu í fyrstu. Við höfum unnið mjög þétt frá því við byrjuðum haustið 2009. Þetta átti eiginlega ekki að vera neitt heldur átti þetta að vera eins konar saumaklúbbur en þegar við gáfum út fyrstu plötuna þá sprakk þetta upp og við höfum ekkert stoppað síðan,“ útskýrir Björgvin. „Við höfum oft talað um að hvíla okkur aðeins en það kemur alltaf eitthvað upp.“

Skálmöld er á leið í sólina í Karíbahafinu en þó ekki til þess að hvíla sig því þar kemur sveitin fram á þungarokkshátíðinni 70.000 Tons of Metal sem fram fer dagana 4. til 8. febrúar en hún fer fram um borð í stærðarinnar skemmtiferðaskipi. „Þetta verður mikið ævintýri, það verður fínt að yfirgefa mistrið í smástund fyrir smá sól. Það verður ekkert að því að hanga á skemmtiferðarskipi í nokkra daga,“ segir Björgvin og hlær. Á hátíðinni koma fram 60 hljómsveitir og tekur skipið yfir þrjú þúsund gesti en á meðal þeirra sveita sem koma fram á hátíðinni eru Cradle of Filth og Paradise Lost.

**ÞETTA ÁTTI EIGINLEGA EKKI AÐ VERA NEITT HELDUR ÁTTI ÞETTA AÐ VERA EINS KONAR SAUMAKLÚBBUR EN ÞEGAR VIÐ GÁFUM ÚT FYRSTU PLÖTUNA ÞÁ SPRAKK ÞETTA UPP OG VIÐ HÖFUM EKKERT STOPPAÐ SÍÐAN.**

**ÞÚ KEMUR Í FYRSTA SINN Í BORG OG ÞÁ KOMA 50 MANNS Á TÓNLEIKANA, SVO NÆST ÞEGAR ÞÚ KEMUR KOMA 100, SVO 200 SVO 400.**

### Vinna að nýju efni

Hljómsveitin gaf eins og fyrr segir síðast út plötu árið 2014 en er farin að vinna að nýju efni. „Við erum alveg byrjaðir að vinna í nýju efni, vonandi náum við að koma frá okkur plötu seinna á þessu ári, það er stefnan,“ segir Björgvin.

Sveitin hefur farið í fimm stóra tónleikatúra um Evrópu og segist Björgvin finna fyrir því að aðdáendahópurinn sé að stækka erlendis. „Maður fann það eiginlega best þegar við gáfum út Með vættum. Hún kom út þegar við vorum nýfarnir á túrinn, þá fann maður að hópurinn er að stækka úti. Það tekur tíma að byggja upp alvöru nafn, alveg sama hvar maður kemur. Þú kemur í fyrsta sinn í borg og þá koma 50 manns á tónleikana, svo næst þegar þú kemur koma 100, svo 200 svo 400. Þetta er hark en maður finnur að hópurinn stækkar smám saman,“ útskýrir Björgvin.

### Fagna gull- og platínuplötunni

Skálmöld ætlar að fagna gullplötunum og platínuplötunni því hún hefur ákveðið að halda tvenna tónleika, í Háskólabíói 26. febrúar og í Hofi 18. mars. „Við höfum spilað á báðum stöðunum áður og það er rosa gaman að spila á báðum stöðum, við hlökkum mikið til.“ Þar ætlar sveitin að fara yfir farinn veg þótt hún viti ekki nákvæmlega hvaða hátt hún ætlar að hafa á því. Meðlimi sveitarinnar langar að bjóða gestum á svið, velja sín uppáhalds Skálmaldar-lög, spila þau og gera grein fyrir hvers vegna þau eru í uppáhaldi. Miðasalan hefst þann 22. janúar á tix.is.

# Kosningin ótrúlega jöfn

Kosningu til Hlustendaverðlaunanna 2016 lýkur í dag en Hlustendaverðlaunin 2016 verða afhent í glæsilegu tónlistarpartíi í beinni útsendingu á Stöð 2 frá Háskólabíói föstudagskvöldið 29. janúar í samstarfi við Gull. „Kosning er búin að vera mjög jöfn í gegnum ferlið, alveg frá því hún byrjaði. Það er enn óljóst hvernig þetta fer, það skýrist líklega ekki fyrr en á síðustu stundu,“ segir Jóhann K. Jóhannsson, kynningarstjóri útvarpssviðs 365.

Kosningin fer fram á Vísi þar sem hlustendur Bylgjunnar, FM957 og Xins977 hafa kosið um hvað stóð upp úr í íslenskri tónlist á síðasta ári auk þess að kjósa besta erlenda lagið.

Frábært listafólk og hljómsveitir koma fram á hátíðinni og má þar nefna Pál Óskar, Glowie ásamt eigin sveit, Dikta, Fufanu, Bubba og Spaðadrottningarnar, Friðrik Dór, Úlf Úlf, Axel Flóvent, Steinda JR og Auðun Blöndal en Auðunn er kynnir hátíðarinnar. Jóhann lofar glæsilegri hátíð. „Ég veit að listamennirnir sem koma fram ætla að gera mikið úr sínum atriðum.“

Útvarpsstöðvarnar Bylgjan, Xið977 og FM957 bjóða hlustendum sínum frítt á hátíðina. Áhugasamir hringja inn og freista þess að fá miða. „Það verða ekki seldir miðar á hátíðina heldur verða þeir gefnir á útvarpsstöðvunum, fólk þarf bara að hlusta,“ bætir Jóhann við. – glp



Auðunn Blöndal verður kynnir kvöldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Heiða Rún glæsileg á rauða dreglinum

Íslenska leikkonan Heiða Rún Sigurðardóttir, eða Heida Reed eins og hún kallar sig, er að gera það mjög gott í Bretlandi um þessar mundir.

Á dögunum mætti Heiða í sínu allra fallegasta dressi, stórglæsileg, á National Television Awards hátíðina, en Heiða Rún fer með hlutverk í þáttunum Poldark þar sem hún leikur hina fögru Elizabeth. Þættirnir, sem framleiddir eru af BBC og teknir upp í fallegu landslagi Cornwall-héraðs í Bretlandi, gerast á 19. öld og fjalla um hinn myndarlega Ross Poldark, sem leikinn er af Aidan Turner. Hann snýr heim úr stríði og kemst að því að hann hefur verið úrskurðaður látinn og að unnusta hans, sem leikin er af Heiðu Rún, sé í ástarsambandi við frænda hans.

Ástamál þeirra verða svo flókin eftir því sem líður á. National Television Awards fór fram í London og var þáttaröðin Poldark tilnefnd til verðlauna fyrir besta nýja sjónvarpsdramað og einnig var Aidan Turner tilnefndur sem besti leikari í dramaþáttum, auk þess sem hann hlaut sérstök verðlaun dómnefndar. - gjs



Heiða Rún Sigurðardóttir og Aidan Turner glæsileg saman. MYND/GETTY

# STÓR-ÚTSALA

Góður afsláttur af **MÚRBÚÐARVERÐI** – það er gott verð!

## Flísar
30 tegundir
**30-60% AFSLÁTTUR**



20% afsláttur
Riga salerni með setu, veggstútur.
~~21.990~~
**17.592**



- Handlaugar 20-50%
- Náttúrusteinsvaskar 30-50%
- Sturtuklefar og -horn 20-60%
- Hitastýrð blöndunartæki 20%
- Sturtusett m/hitastýrðu tæki 20%
- Baðherbergisflísar 20-50%
- WC 20-25%
- Stálvaskar 25-40%
- Skolvaskar 20%

CERAVID
Þýsk gæði



3-6 lítra hnappur

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur og **hæglokandi seta.**
**Þýsk gæðavara**
~~39.990~~
**33.992**

15% afsláttur

Hæglokandi seta
Skál: „Scandinavia design“

30% afsláttur
BOZZ blöndunartæki
~~4.990~~
**3.493**

Hágæða SEVES GLASSBLOCK glerhleðslusteinn
30% afsláttur

30% afsláttur
**9.723**
Bidalux BWR sturtusett
~~13.890~~

20% afsláttur
Gua-543-1 vegghengdur, 1mm stál ~~17.990~~
**14.392**

Mikið úrval af stalvöskum með 30% afslætti

Handlaugar á borð - náttúrusteinn
50% afsláttur
~~35.592~~
**17.796**

Bol-834 80x48x18cm
þykkt 0,8mm
~~9.990~~ **6.993**
30% afsláttur

Sturtuhausar verð frá
**2.490**
MIKIÐ ÚRVAL

## BOZZ sturtuklefi
80x80cm
~~43.990~~ **35.192**

Fást einnig rúnnaðir ~~43.990~~ **35.192**
Fást einnig 80x80cm ~~41.990~~ **33.592**
Sturhorn 80x80 ~~29.990~~ **23.992**
Sturtustöng og -brúsa fylgja.

Vatnslás og botnventill frá McAlpine seldur sér á **kr. 1.290**

20% afsláttur

## BOZZ hitastýrð blöndunartæki

BOZZ- LH2202-3 Hitastýrt sturtutæki með uppstút kr.
~~9.890~~ (rósettur fylgja)
einnig til með niðurstút kr. ~~9.890~~
**7.912** **7.912**

BOZZ-SH2101-1
Bað og sturtusett með hitastýrðu tæki
~~31.990~~
(rósettur fylgja)
**25.592**

BOZZ SH22015-3
Sturtusett m/hitastýrðu tæki
~~26.990~~
(rósettur fylgja)
**21.592**

20% afsláttur

BOZZ hitastýrt baðtæki m/úrtaki
~~13.990~~ **11.192**

20% afsláttur
MIKIÐ ÚRVAL
~~1.490~~
**1.192**
~~2.990~~
**2.397**

5 lítrar
~~2.590~~
20% afsláttur
**2.072**

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8 -18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8 -18 |

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*



Alma Mjöll Ólafsdóttir, Matthías Tryggvi Haraldsson og Stefán Ingvar Vigfússon eru öll nemar á fyrsta ári á sviðslistabraut Listaháskóla Íslands og stofnuðu sviðslistahópinn Ketiltetur en hér eru þau ásamt lukkugrip sínum, ketiltetrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




# Láta finna til tevatnsins

Hinn nýstofnaði sviðslistahópur Ketiltetur kompaní frumsýnir sitt fyrsta verk, Þvott í febrúar. Leikritið fjallar um eilífan glerþvott.

Þetta er stutt leikrit sem fjallar um eilífan glerþvott. Í því er maður sem hefur fengið það verkefni að skafa sömu glerplötuna síendurtekið og sér ekki fyrir endann á því. Spurningin er svo hvort hann sætti sig við það eða láti ekki bjóða sér það," segir Matthías Tryggvi Haraldsson sem skrifaði og leikstýrir verkinu Þvottur sem hinn nýstofnaði sviðslistahópur Ketiltetur kompaní sýnir í Tjarnarbíói í febrúar.

Stofnendur hópsins eru nemendur á fyrsta ári við Sviðslistadeild Listaháskóla Íslands en auk Matthíasar sér Alma Mjöll Ólafsdóttir um aðstoðarleikstjórn og útlitshönnun verksins og Stefán Ingvar Vigfússon sér um framleiðslu þess.

Nafnið á hópnum er vísun í hið vel þekkta búsáhald ketilinn sem gjarnan er notaður til þess að sjóða vatn. „Við ákváðum að það væri í anda hópsins að bendla okkur við vel valið búsáhald, og ketillinn varð fyrir valinu, ekki síst vegna þess að við sáum fyrir okkur suðuna, hitann og tilraunamennskuna sem við viljum að einkenni samstarfið," segir Matthías og Alma Mjöll bætir við: „Svo erum við líka staðráðin í að láta íslenskt sviðslistalíf finna til tevatnsins."

Matthías telur að þrátt fyrir óræðan raunveruleika verksins þá séu í því samsvaranir til raunveruleikans. „Ég held að allir eigi sína glerplötu, sama hvað hún táknar fyrir þeim."

Að sögn Matthíasar er Þvottur upphafið á fleiri verkum. „Við stefnum að því að vera iðin við það að koma frá okkur leikverkum, hvort sem það verður sama skipanin innan hópsins eða ekki og ætlum að spreyta okkur á fleiri hlutverkum. Hvort við sjálf stígum á svið næst eða ekki kemur í ljós. Ég veit að Alma er með handrit í skúffunni sem bíður þess að líta dagsins ljós."

Sjálfur er Matthías spenntur að sjá verk sitt á sviði. Þvottur er þriðja leikverkið sem hann setur á svið en það fyrsta sem fær sviðið út af fyrir sig – tvö fyrri verk hans voru sýnd á Ungleik og deildu þar sviðinu með verkum eftir fleiri unga höfunda.

Matthías komst í kynni við leikritun í Menntaskólanum í Reykjavík þegar hann kom að því að þýða og gera leikgerð á verki eftir Gertrude Stein.

„Þá lifnaði við einhver heimur sem ég hafði aldrei séð áður. Ég hafði verið að semja ljóð fyrir það og er enn að því," segir hann glaður í bragði og bætir við að það sé heillandi tilfinning að sjá karaktera sem hann hefur skapað sjálfur vakna til lífsins á leiksviðinu. „Það er dálítið skrýtið að hitta þessar manneskjur sem hafa hingað til bara verið til í hausnum á manni. Það liggur við að manni blöskri bara og svo að leikstýra þeim í þokkabót."

Þvottur verður frumsýnt í Tjarnarbíói 17. febrúar og leikarar verksins eru þeir Aron Már Ólafsson, Árni Beinteinn Arnarson og Hákon Jóhannesson sem allir eru nemendur á leikarabraut Listaháskóla Íslands. Um tónlistina í verkinu sér Friðrik Guðmundsson og leikmynd Klemens Hannigan. **gydaloa@frettabladid.is**

**Túlípanar**
**10 stk.**
**1.490 kr.**




**Bóndadags vöndur**
**2.990 kr.**

## 2 fyrir 1
### Á BÓNDADAG
á frumsýningu Stórmyndarinnar
**THE REVENANT**
2 fyrir 1 miðinn fylgir fyrstu 300 Bóndadags- og túlípanavöndum í Blómavali Skútuvogi og Grafarholti.
Gildir aðeins föstudaginn 22. janúar

# BÓNDADAGUR
## í Blómavali

Bóndadagstilboð
**8.995kr**
~~14.695kr~~
**Topplyklasett**
Neo, 58 stk, 1/2"
5052513

Bóndadagstilboð
**3.995kr**
~~5.995kr~~
**Fjölnotaverkfæri**
Neo
5038416

Bóndadagstilboð
**6.495kr**
~~9.995kr~~
**Höggborvél**
Black & Decker KR504CRE
5245599

## POTTAPLÖNTU ÚTSALA BLÓMAVALS
## 30-50% afsláttur

Pottaplöntuútsala
**Aloe Vera**
**1.299kr**
~~1.790kr~~

Pottaplöntuútsala
**Friðarlilja**
**1.294kr**
~~1.849kr~~

Pottaplöntuútsala
**Ástareldur**
**833kr**
~~1.190kr~~

Pottaplöntuútsala
**Orkidea**
**1.990kr**
~~2.690kr~~

**Þorrahlaðborð í Skútuvogi**
Föstudag - laugardag kl. 12-19
AÐEINS 1.990 kr
Borðaðu á staðnum eða taktu með heim og komdu bóndanum á óvart.

KAFFI GARÐUR

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA













Arnar Freyr og Andri Snær frumflytja nýtt ljóðverk á ljóðahátíðinni Óvinir í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Augljóslega ólíkar týpur á yfirborðinu

Rapparinn Arnar Freyr Frostason og rithöfundurinn Andri Snær Magnason frumflytja nýtt ljóðverk á Ljóðahátíðinni Óvinir í kvöld.

Ég hef enga reynslu af svona viðburðum en var til í tuskið samstundis og mér bauðst að vera með. Textaskrif eru snilld og hafa haldið mér uppteknum síðastliðinn áratug en upp á síðkastið hefur mig langað til að gera meira. Rappið er rosalega opið form en á sama tíma svo heftandi, ljóð og sögur opna glænýjar víddir sem ég er til í að skoða. Að mínu mati er Andri ein sterkasta rödd okkar tíma og ég veit að margir eru sammála mér um það, og að mitt fyrsta skref í þessum geira sé að gaula við hlið hans er blessun en líka drullufokking absúrd,“ segir Arnar Freyr Frostason sem flestir kannast við úr hljómsveitinni Úlfur Úlfur.

Arnar Freyr rær á ný mið í kvöld en hann hefur undanfarið unnið að ljóðverki ásamt rithöfundinum Andra Snæ Magnasyni sem frumflutt verður á ljóðahátíðinni Óvinir í kvöld. Flestum mun líklega finnast Andri Snær og Arnar Freyr vera ólíklegt teymi en þeir eiga kannski meira sameiginlegt en margan grunar.

„Ég veit ekki hvort nöfnin voru dregin upp úr hatti eða það hafi verið einhver strategía á bak við valið, allavega vorum við Andri paraðir saman og ég er í skýjunum með það, því ég hef lengi litið upp til hans. Við erum augljóslega ólíkar týpur á yfirborðinu en ég leyfi mér að trúa að við séum fremur líkir náungar með ólíkan bakgrunn. Við vinnum báðir með orð en við fáumst einnig við sambærileg efni, sér í lagi samtímann, kosti hans og galla. Munurinn er fyrst og fremst formið og orðavalið. Hann er töluvert fágaðri en ég,“ segir Arnar Freyr.

## SKÁLDAPÖRIN

- Ásta Fanney Sigurðardóttir & Eiríkur Örn Norðdahl
- Valgerður Þóroddsdóttir & SJ Fowler
- Angela Rawlings & Arngunnur Árnadóttir
- Andri Snær Magnason & Arnar Freyr Frostason
- Dagur Hjartarson & Soffía Bjarnadóttir
- Elías Knörr & Bergþóra Einarsdóttir
- Kristín Svava Tómasdóttir & Ragnar Helgi Ólafsson
- Sigurbjörg Þrastardóttir & Bergþóra Snæbjörnsdóttir
- Anton Helgi Jónsson & Juan Camilo Román Estrada
- Kári Tulinius & Halldóra K. Thoroddsen

## EIN AF SKIPULEGGJENDUM HÁTÍÐARINNAR

„Óvinir er framsækið samstarfsverkefni ljóðskálda frá Íslandi og Bretlandi, þar sem ljóðskáldin vinna saman í pörum við gerð nýrra verka til upplestrar í London og Reykjavík. Fyrsti viðburður hátíðarinnar fer fram í Iðnó í kvöld. Hátíðin er skipulögð af mér og breska skáldinu Steven J. Fowler. Hann hefur skapað sér sess undanfarin ár sem ákveðinn miðpunktur í avant-garde ljóðasenunni í London og stendur fyrir framsækna verkefninu The Enemies Project. Verkefnið leggur áherslu á getu samstarfs til að draga saman skáldasamfélög og skapa ný og lifandi skáldverk,“ segir Valgerður Þóroddsdóttir, annar skipuleggjandi hátíðarinnar.



**AÐ MÍNU MATI ER ANDRI EIN STERKASTA RÖDD OKKAR TÍMA OG ÉG VEIT AÐ MARGIR ERU SAMMÁLA MÉR UM ÞAÐ, OG AÐ MITT FYRSTA SKREF Í ÞESSUM GEIRA SÉ AÐ GAULA VIÐ HLIÐ HANS ER BLESSUN EN LÍKA DRULLUFOKKING ABSÚRD**

Andri Snær Magnason hefur fengist við skáldsagnaskrif, leikritagerð, ljóðlist, kvikmyndagerð og aðra hugmyndavinnu undanfarin ár og hafa verk hans hlotið bæði innlendar og alþjóðlegar viðurkenningar. En hvernig líst Andra á samstarfið?

„Samstarfið hefur gengið ótrúlega vel. Ég er mjög hrifinn af því sem Úlfur Úlfur hefur verið að gera og þeir eru fantafínir textasmiðir. Það er alltaf ákveðin kúnst að slípa saman verk þegar menn þekkjast lítið. Þegar leið á samstarf okkar duttum við niður á góða hugmynd, þannig fundum við farveg svo verkið fór að flæða,“ segir Andri Snær Magnason, og bætir við að samstarfsverk þeirra hafi hlotið nafnið Ég er barn, á öxlum barns í síðum frakka.

gudrunjona@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


REGATTA GREAT OUTDOORS
CRAGHOPPERS
Dare 2b
NÝTT KORTATÍMABIL
ÚTSALA
20-50%
AFSLÁTTUR
facebook.com/
utivistogsport
OPIÐ
VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16
ÚTIVIST & SPORT
Faxafen 12 S. 533-1550 www.utivistogsport.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

Bakþankar

Hildar Sverrisdóttur



# Við endum öll í Framsókn!

Í nýrri könnun MMR kemur fram að yfir helmingur landsmanna trúir á spámiðla. Ég er ekki ein af þeim. Vinkonur mínar hafa líka sagt að ég gæti ekki verið jarðbundnari þó ég væri negld niður. Ég er því leiðinlega týpan sem trúir hvorki á Guð né líf eftir dauðann. Ég hef þó mjög litla þörf fyrir að troða mínu trúleysi upp á annað fólk og það er sjálfsagt að bera virðingu fyrir trú annarra. Sama má segja um miðla. Ég skil þá sem sækja í þá með von um að lífið haldi áfram á einhvern hátt og þá jafnvel með fallegum hvatningarorðum frá látnum ástvinum. Hver vill það ekki?

Pabbi minn dó á besta aldri og var hann mörgum harmdauði sem vildu reyna að fá öll þau svör sem í boði voru. Einn af þeim fór til miðils. Viðkomandi fór út alveg gáttaður og bit á því að miðillinn hafði sagt að þessi annars hljóði faðir minn, sem af því litla sem hann tjáði sig um pólitík var augljóslega jafnaðarmaður í lifanda lífi, hafði allt í einu samkvæmt miðlinum allan tímann verið framsóknarmaður. Og allir urðu bara svona gapandi hissa á að hafa ekki vitað það. Að í öll þessi 50 ár sem hann lifði hafði hann bara alls ekki nokkurn tímann ýjað að því! Alveg stórmerkilegt!

Þannig að ég get vel borið virðingu fyrir því sem fólk kýs að sækja í í sinni trú. En – ég hef svo gott sem enga þolinmæði gagnvart því þegar miðlar mögulega misnota það traust og halda sig ekki bara við að látnir ástvinir skili hvetjandi ástarkveðjum heldur fara að fabúlera um skoðanir hins látna sem hefur engin tök á að verja sig. Ég verð til að mynda brjáluð ef ég dey og einhver miðill segir við vini mína að ég hafi allan tímann verið framsóknarmaður. Brjáluð, sko.

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland







ÚTSALA
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK